

# FRÉTTABLAÐIÐ

201. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\* —

LAUGARDAGUR 29. ÁGÚST 2015

## Öðluðust nýtt líf á Íslandi

**Sava og Nedeljka Ostojic** komu ásamt 12 ára syni sínum sem flóttamenn frá Serbíu árið 2003. Á einu ári söfnuðu þau sér fyrir útborgun á íbúð. Þau segja tímann áður en þau fluttu til Íslands hafa verið erfiðan. ➔22



Mynd/Völundur Jónsson



Hæfileikar á götunni  
Rúnar  
vill vinna  
áfram með  
utangarðs-  
fólki ➔28



Logi Pedro  
kemur á  
óvart ➔56



87 ára og nóg  
um að vera  
➔26

PLÚS — 3 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • PARKET • FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Kringlan

## SKÓLA DAGAR

MUNDU EFTIR  
ÁVÍSUNINI

ALLT FYRIR SKÓLANN  
Á EINUM STAÐ

## AFMÆLISHATÍÐ

Í DAG LAUGARDAG FRÁ 12 TIL MIÐNÆTTIS Í HALLARMÚLA 2

4BLS  
BÆKLINGUR

SJÓÐHEITUR AFMÆLIS  
BÆKLINGUR Í FRÉTTA-  
BLAÐINU Í DAG


TÖLVUTEK

Allt fyrir skólann. Ópið til kl.18

SMÁRALIND



## Veður



Norðlæg átt 5-13 m/s í dag, hvassast austan til á landinu. Dáltil súld norðaustan- og austanlands fram eftir degi, en annars skýjað með köflum eða bjartviðri. Hægari vindur annað kvöld. Hiti 10 til 16 stig sunnan heiða, en svalt fyrir norðan og líkur á næturfrostri í innsveitum þar. **SJÁ SÍÐU 42**

Sjálfstæðis-  
maður í sjokki

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Oddvitar minnihlutflokkanna í borgarstjórn Reykjavíkur furða sig á hversu illa rekinn borgarsjóður er. Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segist í sjokki yfir sex mánaða uppgjöri sem birt var á fimmtudag.

Í uppgjörinu kemur fram að rekstrar- niðurstaða A-hluta borgarsjóðs sé neikvæð um rúma þrjú milljarða króna og heildarniðurstaðan sé nærri tveimur milljörðum króna frá þeirri áætlun sem meirihlutinn samþykkti í lok síðasta árs. „Borgin er vissulega illa rekin og ég hef sagt það alla tíð síðan ég kom í borgina. Ég hef meðferðis bent á tölur í því samhengi. Maður er eiginlega í hálfgerðu sjokki,“ segir Halldór.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknar og flugvallarvina, tekur í sama streng. „Reksturinn lítur illa út. Versta er að við afgreiddum ársreikning í byrjun apríl sem leit líka illa út og langt frá áætlunum sem voru gerðar. Við í Framsókn og flugvallarvinum ákváðum að gefa meirihlutunum fimm mánuði til að finna lausnir og til hvaða aðgerða væri hægt að grípa og það hefur ekkert gerst. Núna eru varnaðarorð fjármálaskrifstofu orðin það alvarleg að við verðum að taka á málum. Ég er að vona að sú vinna byrji í næstu viku,“ segir Sveinbjörg Birna.

„Meirihlutinn hefur bent á að það vanti skatta,“ segir Halldór. „Laun hafi hækkað og að málaflökkurinn í kringum fatlað fólk vegi þungt í rekstrinum. Það þýðir samt ekki að benda á það því að það hlýtur að eiga við önnur sveitarfélög líka.“ – sa

**Borgin er vissulega illa rekin og ég hef sagt það alla tíð síðan ég kom í borgina.**

Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokks



## Hælisleitandi hótaði að kveikja í sér



Lögregla leiðir franskan hælisleitanda inn í lögreglubíl við húsnæði Rauða krossins. Hann hafði hellt yfir sig eldfimum vökva og hótaði að kveikja í sér. Maðurinn sótti um hæli hér á landi í mars en Utflendingastofnun segir afgreiðslu umsóknarinnar hafa tafast umfram 90 daga viðmiðunartíma vegna bágs andlegs ástands mannsins. Fréttablaðið/Erni

Björgólfi Thor  
birt stefna

**DÓMSMÁL** Stefna hefur verið birt Björgólfi Thor Björgólfssyni fjárfesti. Í auglýsingu í fjölmiðlum í lok júní var auglýst eftir þáttakendum í hópáskóun gegn Björgólfi. Jóhannes Bjarni Björnsson rekur málið.



Björgólfi Thor Björgólfsson fjárfestir

Þeir sem að málsókninni standa telja að Björgólfi hafi með saknæmum hætti komið í veg fyrir að hluthafar fengju upplýsingar um umfangsmiklar og líklega ólögmæt lánveitingar tengdar Björgólfi og brotið gegn reglum um yfirtökuskýldu.

Í tilkynningu frá málsóknarfélaginu til félagsmanna segir að málið verði þingfest þann 27. október næstkomandi í Héraðsdómi Reykjavíkur. -jhh

Þriðjungur þeirra sem  
þurfa stuðning á biðlista

Fimm hundruð eru á biðlista eftir stuðningsþjónustu í Reykjavík. Erfitt er að fá sérhæft starfsfólk til að sinna málaflökknum. Sjálfstæðismenn vilja gera þjónustuna að bundnum lið líkt og húsaleigubætur og bjóða hana út til einkaaðila.

**SAMFÉLAGSMÁL** Alls eru 498 á biðlista eftir stuðningsþjónustu í Reykjavík eða 37 fleiri en á síðasta ári. Þá voru ríflega 1.100 sem fengu þjónustuna og því stórt hlutfall þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda á biðlista.

Að sögn ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum borgarinnar er stærstur hluti biðlista til kominn vegna skorts á fjármagni, en það kostar um það bil 280 milljónir króna að koma til móts við þjónustuhæfir þeirra sem á listanum eru. Einnig segja ráðgjafar erfitt að ráða starfsmenn til að sinna þjónustunni, sérstaklega sérhæft starfsfólk þar sem launin eru ekki samkeppnishæf hjá borginni. Þetta kemur fram á minnisblaði frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem kynnt var á fundi velferðarráðs í vikunni.

Stuðningsþjónustan hefur meðal annars það að markmiði að koma í veg fyrir félagslega einangrun og bæta samskiptahæfni. Þannig hefur þjónustan forvarngildi. „Það er samdóma álit þeirra sem starfa við stuðningsþjónustu að þeir sem ekki fá þjónustu í samræmi við þarfir geti frekar þróað með sér auknar þjónustuhæfir eða vandamál síðar,“ segir í minnisblaði velferðarsviðs.

Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks í velferðarráði, segir biðlista eftir nauðsynlegri þjónustu óásættanlega langan. Hún lagði til á fundi velferðarráðs að stuðningsþjónustan yrði meðhöndluð eins og önnur lögbundin þjónusta, til dæmis fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur, þar sem ekki er leyfilegt að setja fólk á biðlista. Tillagan var felld af meirihlutunum en hann samþykkti að vísa hugmyndinni inn í vinnu vegna fjárhagsáætlunargerðar. Ilmur Kristjánsdóttir, formaður vel-

## Fleiri á biðlista eftir stuðningsþjónustu

498

voru á biðlista í maí 2015

461

voru á biðlista í maí 2014

7,5%

fleiri eru á biðlista í ár

## Biðlisti eftir stuðningsþjónustu

Félagsleg liðveisla	213
Frekari liðveisla	35
Persónulegur ráðgjafi	94
Tilsjón	36
Stuðningsfjölskyldur	176
<b>Heildarfjöldi</b>	<b>498</b>

36%

þeirra sem eru á biðlista eru í mikilli eða mjög mikilli þörf.



Þjónustan er flókin og margvísleg þannig að kerfið þarf að vera sveigjanlegt og því hentar þjónustan ekki sem bundinn liður.

Ilmur Kristjánsdóttir



Ef borgin getur ekki staðið undir þessum þörfum verðum við að fá einkaaðila í lið með okkur.

Áslaug María Friðriksdóttir



ferðarráðs, segir meirihlutann meðvitaðan um vandann en að það þurfi að eiga við hann í skrefum.

„Við vitum að það er mikil þörf í málaflökknum en þjónustan er flókin og margvísleg. Þannig að kerfið þarf að vera sveigjanlegt og því finnst okkur þjónustan ekki henta sem bundinn liður, enn sem komið er að minnsta kosti. Það þarf að kortleggja þörfina betur. En það þarf að tryggja þessa þjónustu. Það er ljóst,“ segir Ilmur.

Á fundi velferðarráðs lagði Sjálfstæðisflokkurinn einnig til að stuðningsþjónusta yrði boðin út. „Ef borgin getur ekki staðið undir þessum þörfum verðum við að fá einkaaðila í lið með okkur,“ segir Áslaug. „Að sjálfsögðu þurfa slíkir aðilar að uppfylla sömu gæða- og hæfniskröfur og gerðar eru til þjónustunnar hjá Reykjavíkurborg. En getuleysi borgarinnar á ekki að bitna á notendunum.“

erlabjorg@frettabladid.is

# Benidorm

Löng helgi 4. - 8. september

**Tilboðsverð frá 69.900 kr.**

Á mann m.v. 2 í herbergi með hálfu fæði á Albir Playa \*\*\*\*

Flugsæti til og frá Alicante frá 39.900 kr. fram og til baka með einri tösku.

Skráðu þig í meðhöndlun - VITA.is

VITA - Skógen 6812 - Sími 570 4444





Stang- og  
skotveiðivörur

# VEIÐIMARKAÐUR

20-70%  
afsláttur



REDDINGTON VÖÐLUJAKKI  
TILBOÐSVERÐ  
**29.645 KR.**  
VERÐ 59.290 KR.

ÖNGLAR  
OG SPÚNAR  
**40%**  
afsláttur



ABU REYKOFN SMALL  
TILBOÐSVERÐ  
**6.445 KR.**  
VERÐ 12.890 KR.



GIRNI OG  
TAUMAEFNI  
**50%**  
afsláttur



DEERHUNTER CHEAHA JAKKI  
TILBOÐSVERÐ  
**24.213 KR.**  
VERÐ 34.590 KR.



LOOP  
SKOTHAUSAR & LÍNUR  
TILBOÐSVERÐ FRÁ  
**990 KR.**



ÖLL  
KASTHJÓL  
**25%**  
afsláttur



HARDY  
ULTRALITE 5000DD  
TILBOÐSVERÐ  
**34.495 KR.**  
VERÐ: 68.990 KR.



DEERHUNTER  
CHEAHA BUXUR  
TILBOÐSVERÐ  
**13.853 KR.**  
VERÐ 19.790 KR.



REMINGTON  
783 CAL 243 & 308  
TILBOÐSVERÐ FRÁ  
**53.394 KR.**  
VERÐ: 88.990 KR

RAPALA INTERFACE  
VÖÐLUJAKKI  
TILBOÐSVERÐ  
**23.443 KR.**  
VERÐ 33.490 KR.

PENN  
SJÓVEIÐISTANGIR  
TILBOÐSVERÐ FRÁ  
**9.395 KR.**  
VERÐ: 18.790 KR.

PENN  
**50%**  
afsláttur

HARDY UNUQUA  
13 F. TVÍHENDA  
TILBOÐSVERÐ  
**55.640 KR.**  
VERÐ: 111.640 KR.

HARDY  
**50%**  
afsláttur

REMINGTON 11-87  
SPORTSMAN FIELD  
TILBOÐSVERÐ  
**142.392 KR.**  
VERÐ 177.990 KR.



REM VERSA MAX  
SPORTSMAN  
TILBOÐSVERÐ  
**158.392 KR.**  
VERÐ 197.990 KR



SAKO A7  
TILBOÐSVERÐ FRÁ  
**193.592 KR.**  
VERÐ FRÁ 241.990 KR.



BROWNING X-BOLT  
TILBOÐSVERÐ  
**103.794 KR.**  
VERÐ 172.990 KR.



BROWNING A5  
TILBOÐSVERÐ  
**213.592 KR.**  
VERÐ 266.990 KR.



MARLIN XT22RO CAL 22LR  
Með sjónauka  
TILBOÐSVERÐ  
**48.743 KR.**  
VERÐ 64.990 KR.



SAUER CLASSIC 6,5X55  
Með þýskum sjónaukafestingum  
TILBOÐSVERÐ  
**385.444 KR.**  
VERÐ 592.990 KR.



TIKKA RIFF  
VARMINT 6.5X55 ST  
TILBOÐSVERÐ  
**173.592 KR.**  
VERÐ 216.990 KR.



TIKKA RIFF HUNTER  
TILBOÐSVERÐ FRÁ  
**158.392 KR.**  
VERÐ FRÁ 197.990 KR.

LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR

Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK

Fiskislóð 1  
Sími 580 8500

AKUREYRI

Tryggvabraut 1-3  
Sími 460 3630

OPNUNARTÍMI

Mán.-fös. 10-18  
Lau. 10-16




TÖLUR VIKUNNAR 22.8.2015 - 28.8.2015

**15.000 manns**

tóku þátt í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka og 75 milljónir króna söfnuðust til góðra verka.

**410**

grunnskólanemendur Ísafjarðarskóla fá námsgögn sín frítt frá bænum – sem er einsdæmi á Íslandi.

**12 GÖTUR**

í Reykjanesbæ njóta þess að þar er nágrannavarsla.

**20%**

launamunur er á milli leikara í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu.

**5/10 ÚTIGANGSMÖNNUM** sem leita sér skjóls í Gistiskýli **eru frá Austur-Evrópu****40%**

nemenda við Háskóla Íslands kaupa skyldulesefni sitt nýtt.

**470**

einstaklingar bíða afplánunar á Íslandi í dag.

## Voru í fréttum

### Ásökun um vændi, verkfallsréttur og Björt framtíð

**Madalena Bernabe Zandamela**, skólaliða í Hafnafríði, hefur verið meinaður aðgangur að skemmtistadnum Loftinu vegna

ásakana starfsfólks um að hún stundi þar vændi. Hún segist aldrei hafa selt sig og vill hreinsa nafn sitt. Lögmaður Madalenu hyggst senda Loftinu bréf og fara fram á bætur og formlega afsökunarbeiðni.

**Frimann B. Baldursson**, varaformaður Landsambands lögreglumanna, segir að samninganefnd ríkisins neiti að ræða verkfallsrétt lögreglumanna nema

að undangenginni lagabreytingu hjá Alþingi. Landssamband lögreglumanna hefur óskað eftir fundi með öllum flokkum á Alþingi með það að markmiði að stéttin fái verkfallsrétt að nýju.

**Guðmundur Steingrímsson** hættir sem formaður Bjartrar framtíðar þann 5. september næstkomandi þegar ársfundur flokksins verður haldinn í Reykjavík.

Róbert Marshall mun einnig segja af sér sem þingflokksformaður flokksins. Er þetta sameiginleg ákvörðun þeirra og vilja þeir með þessu veita öðrum svigrúm til að stýra flokknum.

## Fjöldi látinna flóttamanna í samanburði við aðra mannskæða atburði

**1.517**

manns fórust með farþega-skipinu Titanic árið 1912.

**1.088**

manns fórust í flugslys-um í heiminum öllum árið 2014. Þar eru meðtaldir þeir sem fórust með malasísku farþega-þotunum í Indlandshafi og Úkraínu.

**2.977**

voru drepnir í árasum hryðjuverkamanna í Bandaríkjunum 11. september 2001. Þar af létust 2.606 í New York þegar Tviburaturarnir hrundu.

**6.000**

flóttamenn hafa druknað í Miðjarðarhafi frá janúar 2014 til júní 2015. Þar af létust 3.500 allt árið 2014 og 2.500 frá janúar til júní á þessu ári.

## Fjögur börn meðal hinna látnu

Svo virðist sem flóttafólkið hafi reynt að komast út úr flutningabifreiðinni, sem fannst yfirgefin á fimmtudag með 71 lík innanborðs. Fjórir menn hafa verið handteknir. Í gær fundust um 200 lík úti fyrir ströndum Líbíu.

**AUSTURRIKI** Fjórir menn hafa verið handteknir í tengslum við rannsókn austurrísku lögreglunnar á láti 71 flóttamanns. Lík þeirra fundust í yfirgefinni flutningabifreið í vegarkanti á fimmtudag.

Einn hinna handteknu mun vera eigandi bílsins.

Meðal hinna látnu voru fjögur börn, þar af þrjú drengir á aldrinum 8 til 10 ára og ein stúlka á öðru ári. Svo virðist sem fólkið hafi kafnað og talið er að það sé frá Sýrlandi, þar sem sýrlensk skilríki fundust í bílnum.

Þá virðist sem fólkið hafi reynt að rjúfa gat á bifreiðina til þess að komast út. Bifreiðin er talin hafa staðið í að minnsta kosti sólarhring hreyfingarlaus í vegarkantinum áður en farið var að kanna málið.

Þúsundir flóttamanna frá Sýrlandi, Eritreu og fleiri löndum í Mið-Austurlöndum og norðanverðri Afríku hafa látið lífið við tilraunir til að komast til Evrópulanda, í von um að fá þar hæli.

Langflestir þeirra hafa druknað í Miðjarðarhafi og síðast í gær fundust allt að 200 lík úti fyrir ströndum Líbíu.

Fólkið hafði verið um borð í troðfullum bát sem hvolfdi. Talið er að um 400 manns hafi verið í bátnum. Rúmlega helmingi þeirra tókst að bjarga, en um 40 lík fundust inni í bátnum og allt að 160 lík fundust á floti í hafinu þar í kring. Svo virðist sem sumir hafi verið innlokadur í lest bátsins þegar honum hvolfdi.

Þá fundust á miðvikudag 52 lík neðanþilja í skipi, sem sænska strandgæslan fann úti fyrir ströndum Líbíu. Alls voru um 500 manns á því skipi og tókst að bjarga meira en 450 manns.

Flóttamannastraumurinn til



Lík flóttafólksins, sem fannst í yfirgefinni flutningabifreið í Austurríki, flutt inn á rannsóknarstofu í Vínarborg þar sem reynt verður að varpa frekara ljósi á það sem gerðist. NordicPhotos/AFP



Hefst 8. september

### BAKLEIKFIMI & SAMBALEIKFIMI

UNDIR LEIDSÖGN SJÚKRAÞJÁLFARA Í HEILSUBORG, FAXAFENI 14

Þriðju- og fimmtudaga kl: 12.05, 16.20 og 17.20  
Upplýsingar og skráning á [www.bakleikfimi.is](http://www.bakleikfimi.is)

BREIÐU BÖKIN

**200**

lík fundust úti fyrir ströndum Líbíu í gær. Evrópusambandsríki hafa verið gagnrýnd harðlega fyrir afstöðu sína í málefnum flóttamanna.

Evrópu er meiri nú en nokkru sinni frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Vítáð er um 107.500 flóttamenn sem fóru yfir landamærin til Evrópuríkja í síðasta mánuði.

Í Makedóníu er búist við að næstu mánuðina muni um þrjú þúsund manns koma yfir landamærin frá Grikklandi daglega.

Evrópusambandsríki hafa verið gagnrýnd fyrir að bregðast seint og illa við þessari þróun. Andstaða íbúa við flóttafólk hefur magnast jafnt og þétt víða í löndum Evrópu. Nú í vikunni hafa verið gerðar árásir á flóttamannabúðir nánast daglega í Þýskalandi. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)



# EIN ÚT - TVÆR HEIM

Bókaðu pakkaferð til Minneapolis/Saint Paul í haust og fáðu tösku að gjöf

Verð frá **89.000 kr.**



Þessi ferð er í samvinnu við Bandaríska Töskubúðina og er einn af mörgum gjöfum sem eru tilgjafanlegar fyrir þessa ferð. Þú getur fengið tösku að gjöf ef þú bókar ferðina fyrir haustið 2014. Töskubúðin er einn af mörgum gjöfum sem eru tilgjafanlegar fyrir þessa ferð.



+ Ferðatöskur

Þessi ferð er í samvinnu við Bandaríska Töskubúðina og er einn af mörgum gjöfum sem eru tilgjafanlegar fyrir þessa ferð. Töskubúðin er einn af mörgum gjöfum sem eru tilgjafanlegar fyrir þessa ferð.

ICELANDAIR







**ÁSKRIFTARKORT  
BORGARLEIKHÚSSINS**

Fjórar sýningar að eigin vali  
á besta verðinu.

**VERTU MEÐ  
Í VETUR!**

Miðasala  
568 8000 | borgarleikhus.is

Hefst 7. september



**BAKLEIKFIMI &  
AQUA FITNESS**

UNDIR LEIÐSÖGN SJÚKRAPJÁLFA  
Í GRENSÁSLAUG, GRENSÁSVEGI 62.

Upplýsingar og skráning  
á [www.bakleikfimi.is](http://www.bakleikfimi.is)

BREIÐU BÖKIN

## Ófriðurinn á Vesturbakkanum



Palestínskur mótmælandi hendir stein í ísraelska vinnuvél eftir að mótmæli brutust út í Qadomem, nærri borginni Nablus á Vesturbakkanum. Sjö Palestínunmenn særðust í átökunum. Fréttablaðið/EPA

## Högnuðust um 22 milljarða í fyrria

Samherji, Síldarvinnslan og HB Grandi högnuðust samtals um 22 milljarða króna á síðasta ári. Fyrirtækin segja horfur á uppsjávarmarkaði erfiðar í kjölfar innflutningsbanns Rússa. Tugmilljarða fjárfestingar eru fram undan í greininni.

**SJÁVARÚTVEGUR** HB Grandi, Síldarvinnslan og Samherji, þrjú af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum, högnuðust samtals um 22 milljarða króna á síðasta ári.

Hagnaður Samherja var mestur, eða rúmlega 11 milljarðar króna, en um helmingur starfsemi Samherja er á erlendri grundu. Arðgreiðslur til hluthafa munu nema 1,4 milljörðum króna.

Síldarvinnslan hagnaðist næstmest, eða um 6 milljarða króna, sem er aðeins meira en árið 2013 þegar hagnaður var 5,6 milljarðar. Rekstrartekjur fyrirtækisins námu 21,4 milljörðum króna og rekstrargjöld 14,1 milljarði.

HB Grandi hagnaðist um 5,3 milljarða króna á gengi dagsins í dag, en félagið gerir upp í evrum. Fyrirtækið greiddi 2,7 milljarða í arð vegna síðasta árs. HB Grandi hefur einnig skilað uppgjöri vegna fyrri hluta ársins 2015 en hagnaðurinn riflega tvöfaldast milli ára. Hagnaðurinn var 3,2 milljarðar á fyrri hluta þessa árs samanborið við 1,4 milljarða á fyrri hluta ársins 2014.

Öll félögin gera erfiðar útflutningshorfur í uppsjávaramarkaðum að umtals efni í uppgjöri sínu. Síldarvinnslan frestaði arðgreiðslum vegna innflutningsbanns Rússa en um 40 prósent uppsjávaramarkaða Síldarvinnslunnar hafa verið flutt til Rússlands. HB Grandi



Ásbjörn RE í Reykjavíkurhöfn. HB Grandi hyggst leggja í endurnýjun skipaflotans fyrir 14 milljarða króna með fimm nýjum skipum. Fréttablaðið/GVA

gerir ráð fyrir að tap fyrirtækisins vegna innflutningsbannsins verði á annan milljarð króna. Samherji segist hafa flutt út afurðir fyrir á fimmta milljarð til Rússlands í fyrria. Þess utan séu markaðir fyrir uppsjávaramarkaðum í Úkraínu erfiðir og útflutningur hafi dregist saman. Þá hafi annað olíu-útflutningsríki, Nígíería, komið á innflutningsbanni vegna gjaldeyrisskorts.

Fyrirtækin hyggja öll á eða hafa lagt í umtalsverðar fjárfestingar. Samherji hyggst kaupa sex ný fiskiskip sem kosta eiga nærri 25 milljarða.

Þá hyggst HB Grandi láta smíða fjögur skip í Tyrklandi til viðbótar við togarann Venus sem kom til landsins í vor. Alls eiga skipin að kosta 14 milljarða króna.

Síldarvinnslan lagði í tíu milljarða fjárfestingu í fyrria. Fyrirtækið keypti aflaheimildir frá Stálskipum í Hafnarfirði og hlutabréf í Gullbergi á Seyðisfirði. Auk þess keypti Síldarvinnslan nýtt uppsjávarmarkaðskip frá Noregi og reisti þúsund fermetra hús sem lið í uppbyggingu í uppsjávaramarkaðum félagsins. [ingvar@frettabladid.is](mailto:ingvar@frettabladid.is)

## Tjakkar á góðu verði



EP Pallettu-tjakkur  
2 tonna lyftigeta  
**38.900**  
með PU hjólum kr 39.900

Galvaniseraður tjakkur  
**84.900**

Rafmagnstjakkur 1,5 tonn  
**345.900**

Kletthálsi Reykjavík  
Reykjanesbæ

MURBUDIN  
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



ENDALAUST TAL OG  
10 GB Á 3.990 KR.\*

Færðu farsímann yfir til 365 og ráðu frábert sjónvarpsefni á fánlega góðu verði.

\*Gætt er fyrir takri fjárfestingu í 365 og 365.is

365

118 17  
365.is





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Uppáhaldsariur Kristins



## Upphafstónleikar 2015/16

Fim. **3. sept.** » 19:30

Fös. **4. sept.** » 20:00

**Rico Saccani** stjórnandi

**Kristinn Sigmundsson** einsöngvari

**Óperukórinn í Reykjavík**

**Garðar Cortes** kórstjóri

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

Starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefst með glæsilegum óperutónleikum.

Kristinn Sigmundsson er einn ástsælasti söngvari íslensku þjóðarinnar fyrr og síðar og stendur nú á hátindi ferils síns. Á glæstum ferli hefur hann sungið í mörgum af helstu óperuhúsum heims.

Á upphafstónleikum starfsársins syngur Kristinn ariur úr nokkrum af upphaldsóperum sínum,

þar á meðal Rakaranum frá Sevilla, Brúðkaupi Fígarós, Macbeth og Nabucco.

Óperukórinn í Reykjavík verður Kristni til halds og trausts en stjórnandi tónleikanna er Rico Saccani, fyrrum aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og annálaður túlkandi óperutónlistar.

Ekki missa af einstökum tónleikum.



# Forseti Bandaríkjana segir Katrínu hafa opinberað ójöfnuðinn

**BANDARÍKIN** Þessa dagana minnst margir þess að tíu ár eru liðin frá því að fellibylurinn Katrín skall með fullum þunga á New Orleans í Bandaríkjunum. Fellibylurinn sjálfur olli gífurlegum skemmdum þegar hann kom á land þann 29. ágúst 2005, en ástandið versnaði snögglega þegar varnarveggir gáfu sig undan afli sjávar.

Barack Obama kom til New Orleans síðastliðinn fimmtudag og ræddi við borgarbúa af þessu tilefni. Obama sagði í ræðu sinni að fellibylurinn hefði opinberað misréttið sem hafði gerjast í áratugi. „New Orleans hefur

í áratugi verið illa haldin af ójöfnuði,“ sagði forsetinn. „Ójöfnuði sem hefur skilið of margt fólk, sérstaklega fátækt fólk og svarta, eftir atvinnulaust eða án heilsugæslu eða góðs húsnæðis. Of mörg börn hafa alist upp umkringd ofbeldisglæpum þar sem þeim hefur boðist slæm menntun og fá þeirra hafa haft tækifæri til að brjóta úr viðjum fátæktar.“

Bandarísk stjórnvöld voru harðlega gagnrýnd fyrir aðstoðina sem var veitt þegar fellibylurinn fór yfir New Orleans. Neyðaraðstoð og hjálpargögn bárust seint og illa, gripdeildir,

þjófnaðir og óeirðir blossuðu upp eftir fellibylurinn og skálmöld ríkti á götum borgarinnar. Endurbýgging borgarinnar varð einnig mjög kostnaðarsöm og mörgum íbúum New Orleans fannst hún ganga of hægt. Rétt eins hefur gagnrýnin verið á þá leið að uppbygging borgarinnar hafi að mestu leyti verið í þágu hvíttra íbúa á kostnað svarttra.

Ójöfn staða kynþátta í New Orleans eftir fellibylurinn hefur verið í umræðunni um nokkurt skeið og að mörgu leyti varpað ljósi á skuggahlíðar bandaríksk samfélags. Bandarískt þjóð-

félag hefur á síðustu misserum þurft að takast á við vandamál kynþáttaþyggju sem öllum virðast vera ljós. Lögregluofbeldi gegn svörtum drengjum og aftaka lögreglumanns á Michael Brown, þeldökkum unglingi í Ferguson, vakti bandarískt samfélag svo um munaði.

Um 80 prósent borgarinnar urðu sjónum að bráð og voru götur borgarinnar sums staðar á sex metra dýpi. Alls létu 1.883 lífið af völdum fellibylsins, þar af langflestir í New Orleans. Talið er að tjón vegna Katrínar hafi numið um 150 milljörðum dala, sem samsvarar um 19.500 milljörðum króna. – sa



Barack Obama og Mitch Landrieu, borgarstjóri New Orleans, heimsóttu íbúa á meðan á dvöl Obama stóð. NordicPhotos/AFP

[www.reykjavik.is/styrkir](http://www.reykjavik.is/styrkir)



## Styrkir Reykjavíkurborgar

Reykjavík City grants  
Granty Miasta Reykjavík



Nú stendur yfir gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsemi á árinu 2016. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda. Styrkir eru m.a. veittir til verkefna á sviði eftirtalinnna málaflokka:

- félags- og velferðarmála
- skóla- og fristundamála
- íþrótt- og æskulýðsmála
- mannréttindamála
- menningarmála

Á [www.reykjavik.is/styrkir](http://www.reykjavik.is/styrkir) er hægt að sækja um og finna leiðbeiningar um umsóknarferli. Einnig er þar að finna reglur um styrkveitingar og nánari upplýsingar um áherslur borgarinnar í einstökum málaflokkum. Umsóknarfrestur er til kl. 12:00 á hádegi 1. október nk. og eru einungis teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Reykjavíkurborgar kveða á um. Við mat á umsóknum munu reglur Reykjavíkurborgar um styrki og mannréttindastefna Reykjavíkurborgar vera höfð til hliðsjónar. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á. Þá eru styrkir allajafna hvorki veittir til kaupa á húsnæði né til greiðslu fasteignagjalda. Umsóknir verða metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins
- hvort skilgreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur
- væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn

Styrkumsókn felur í sér að umsækjendur undirgangast ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Gert er ráð fyrir að úthlutun nefnda og ráða verði lokið í ársbyrjun 2016.

Fyrirspurnir og óskir um nánari upplýsingar má senda á netfangið: [styrkir@reykjavik.is](mailto:styrkir@reykjavik.is)  
More information: [styrkir@reykjavik.is](mailto:styrkir@reykjavik.is)  
Wiecej informacjami: [styrkir@reykjavik.is](mailto:styrkir@reykjavik.is)



Reykjavíkurborg

[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



Það kostar átta þúsund krónur að veiða hrefnu.

## Sautján hvalir fyrir sama verð og eitt hreindýr

Veidigjald á hverja veidda hrefnu nemur átta þúsund krónum en skotveiðimenn greiða 135.000 krónur fyrir hvern hreindýrstarf. Formaður Skotvís kallar eftir heildrænni stefnu stjórnvalda.

**VEIÐI** Veidigjöld verða sett á veiddan hval í fyrsta skipti á næsta fiskveiðiári. 8.000 krónur mun kosta að veiða hrefnu og veiðigjöld á hverja langreyði verða 50.000 krónur. Að sama skapi kostar það íslenska veiðimenn 135.000 krónur að veiða hreindýrstarf á yfirstandandi hreindýraveiðitímabili.

Því geta hvalveiðimenn veitt sem samsvarar nærri 17 hrefnum fyrir andvirði hreindýrstarfs og tæplega þrjár langreyðar þarf að veiða til að ná upp í veiðuleyfið. Dúi Landmark, formaður Skotvís, segir þennan samanburð sýna að heildrænnar stefnu í nýtingu og veiðistýringu nytjastofna á Íslandi sé þörf. „Í þessu tilfelli hallar verulega á skotveiðimenn í þessum samanburði og það er ekkert nýtt. Það er eitthvað sem við höfum fengið að kynna á síðustu árum. Stjórnvöld virðast vilja líta svo á að hægt sé að leggja hærri og hærri gjöld á veiðimenn því þeir eru í þessu sem áhugamáli,“ segir Dúi. „Það sem þessi verðlagning sýnir er að það er gríðarlegt misræmi yfirhöfuð hjá stjórnvöldum þegar kemur að veiðistýringu. Það er engin heildræn stefna stjórnvalda til í nýtingu nytjastofna og við hjá Skotvís höfum kallað eftir slíki stefnu.“

Svandís Svavarsdóttir, þingmaður VG, telur veiðarnar á hval við Íslandsstrendur tímasekkju og telur mikilvægt að þeim verði hætt án tafar þar sem þær skaði aðra ríkjari hagsmunum. „Í greinargerð með frumvarpi sjávarútvegsráðherra segir að ekki sé unnt að


reikna veiðigjöld á hval með sama hætti og gjöld á aðra nytjastofna vegna þess að ekkert markaðsverð er fyrir hendi um verðmæti hvals við löndun. Virðisaukaskattur af hvalaskoðun er umtalsverð tekjulind fyrir ríkissjóð og væri nær að líta til þess sem tekjulindar af hval á Íslandi. Þessar tölur sem hér eru ræddar ýta enn frekar stoðum undir þá skoðun að hvalveiðar við Ísland séu tímasekkja og beri að leggja af,“ segir Svandís. „Samanburðurinn við hvalveiðar sýnir enn fremur fánaleika veiðigjaldanna.“



Jón Gunnarsson  
þingmaður  
Sjálfstæðisflokks

Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar Alþingis, telur hins vegar ekki hægt að bera þessar veiðar saman. „Það eru til verðmæti fyrir flestallar tegundir sem við nýtum úr sjó við löndun í gegnum fiskmarkaði. Þar verður verðmætið til. Hvalur hefur ekki verið á fiskmörkuðum heldur fer til vinnslu hjá þeim aðilum sem eru að veiða og því erfitt að gera sér grein fyrir verðmætunum. Erfitt er að bera þetta saman við hreindýraveiðar. Eins má segja að veiðuleyfi á laxi séu dýr,“ segir Jón. [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)

### ☞ Kostnaður við veiðar







1975 | Bílabúð Benna | 2015

CHEVROLET



**CHEVROLET SPARK**  
**VERÐ FRÁ 1.790.000 KR.**

**10% ÚTBORGUN 179.000 KR.**



# VINSÆLASTUR Á ÍSLANDI



Spark hefur verið mest seldi bíll síðustu ára í sínum stærðarflokki á Íslandi. Bílaöryggisstofnun Bandaríkjanna IIHS, kynnti nýlega niðurstöður sínar úr árekstraprófun smábíla fyrir árið 2015. Chevrolet Spark stóðst hámarks öryggiskröfur stofnunarinnar „Top Safety Pick“ annað árið í röð.

Chevrolet Spark er með flottan staðalbúnað og jafnframt á ótrúlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

## OG LÍKA SÁ ÖRUGGASTI!

- Afstýri
- 4 hátalarar
- Útvarp, CD, iPod og USB tengi
- ABS hemlar
- Diskabremsur að framan
- 6 loftpúðar (gardínur)
- Barnalæsing í afturhurðum
- Öryggisvari á bílbeltum í aftursætum
- 3 punkta öryggisbelti fyrir 5
- Bílbelti með sjálfvirkum strekkjara
- Hæðastilling á framljósum
- Frjókornasía

Hluti af staðalbúnaði.

Nánari upplýsingar á [benni.is](http://benni.is) og [chevrolet.is](http://chevrolet.is)

Opið alla virka daga frá 9 til 18  
Laugardaga frá 12 til 16  
Verið velkomin í reynsluakstur

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
Sími: 590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

**Bílabúð**  
**Benna**  
Sérfræðingar í bilum



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Chevrolet á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyld er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.



Frá kr. **79.900****2**  
FYRIR  
**1****Krít**

3. september í 11 nætur

**SIRIOS VILLAGE**Frábært verð  
Frá kr. **124.900**  
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 124.900 m.v. 2+2 í fjölsk. herbergi

Netverð á mann frá kr. 156.900 m.v. 2 í herbergi.

**GALINI SEA VIEW**Frábært verð  
Frá kr. **119.900**  
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 119.900 m.v. 2+2 í fjölsk. herbergi.

Netverð á mann frá kr. 149.900 m.v. 2 í herbergi.

**MARINA SANDS**Frábært verð  
Frá kr. **85.900**  
m/morgunmat innifalinn

Netverð á mann frá kr. 85.900 m.v. 2+1 í herbergi.

Netverð á mann frá kr. 97.900 m.v. 2 í herbergi.

**OMEGA APARTMENTS**Frábært verð  
Frá kr. **85.900**

Netverð á mann frá kr. 85.900 m.v. 2+2 í íbúð.

Netverð á mann frá kr. 113.900 m.v. 2 í íbúð.

**HELIOS APARTMENTS**Frábært verð  
Frá kr. **79.900**

Netverð á mann frá kr. 79.900 m.v. 2+2 í íbúð.

Netverð á mann frá kr. 99.900 m.v. 2 í íbúð.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
Akureyri • Sími 461 1099  
www.heimsferdir.is**Heimsferðir**

Eldgosið í Holuhrauni hófst fyrir alvöru 31. ágúst 2014 og þegar það var í algleymi stóðu 60 metra háir strókar upp úr sprungunni og hraunflæðið var verulegt í sögulegu samhengi. Fréttablaðið/Auðunn

# Bárðarbunga líklegast í fastasvefni næstu árin

Rétt ár er síðan eldur var fyrst uppi í Holuhrauni. Eldgosið stóð í sex mánuði og var eitt hið stærsta á síðustu öldum. Mikið hraunflæði einkenndi gosið en ekki síður loftmengun sem var vandamál í byggð mánuðum saman.

Svavar Hávarðsson

svavar@frettabladid.is

Rétt ár er síðan eldsumbrot hófst í Holuhrauni norðan Vatnajökuls eftir mikil umbrot í Bárðarbungueldstöðinni vikurnar á undan. Frá því að eldgosinu lauk 27. febrúar hefur virkni verið lítil á svæðinu en fyrir liggur að atburðurinn frá upphafi til enda er einn sá merkasti sem vísindamenn og almenningur hefur orðið vitni að út frá jarðvísindalegum sjónarhóli – og er það fjarri því bundið við Ísland.

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, segir að strax eftir að eldgosinu lauk fyrir sex mánuðum hafi ró færst yfir svæðið. Þó sjá vísindamenn að breytingar hafa orðið á jarðhita í Bárðarbungu og þess vegna hafa myndast nýir sigkatlar – alla vega tveir – í jöklinum í sumar. Nánari rannsóknir á næstu vikum leiða í ljós frekari upplýsingar um þróun mála. Holuhraun kólnar jafnt og þétt og lítið gasústreymi er þar í dag. Gígurinn Baugur er enn þá að síga saman og landið að leita jafnvægis, en vegna þess hversu gríðarlega mikið af efni kom upp í gosinu þá þarf ekki að fara djúpt til að finna tæplega 200 gráðu hita. Í öllum meginatriðum er því þessum atburði lokið.

„Hvenær dregur aftur til tíðinda er erfitt að segja til um. Líklega erum við að horfa á ár eða áratugi áður en eitthvað frekara gerist á svæðinu,“ segir Magnús Tumi. „Þegar allt er tekið saman þá er þessi atburður sá merkasti sem orðið hefur á Íslandi í marga áratugi eða öld. Það fer saman mjög stórt flæðigos og mikið öskju-sig. Þetta höfum við ekki séð saman

áður með þessum hætti og þarf að fara aftur til Skaftárelda til að sjá stærri atburð. Það eitt og sér er stórmerkilegt.“

Þó að eldgosid og atburðarásin því samhliða sé flestum eftir huga, þá má ekki gleyma því að upphaf umbrotanna fram til þess dags sem eldur var uppi í lok ágústmánaðar er ekki síður merkilegt. Jarðskjálftahrinan í Vatnajökli og framrás berggangsins undir norðvestanverðum Vatnajökli er nokkuð sem aldrei hefur verið skráð með viðlíka hætti með nútíma-tækni.

„Þetta sýnir okkur hvernig landið verður til – það gliðnar í sundur og fyllist upp með kviku. Þarna sjáum við í fyrsta skipti hvernig megineldstöð og stórt flæðigos spila saman,“ segir Magnús Tumi og bætir við að mikilvægi þessa atburðar verði að skoðast í því ljósi að áþekkt átök náttúrunnar síðustu árin á jörðinni telji aðeins örfá tilvik. „Þá er gasmengunin ónefnd, sem gerir þetta allt enn sérstakara. Mengunin staðfestir hversu eldgosid var stórt.“

Magnús telur það engar ýkjur að þessi atburðarás öll sé betur skrásett en nokkur önnur þar sem öskjusig og flæðigos fer saman, og ekki síst vegna þess að yfirstandandi var stórt samevrópskt rannsóknarverkefni um eldfjallavá – FutureVolc – sem þýddi að þéttrið mælanet var til staðar þegar dró til tíðinda um miðjan ágúst í fyrra. Eins var þarna hópur vísindamanna með breiða þekkingu á ólíkum þáttum jarðvísinda sem á þessum tíma horfðu allir í sömu átt. Samþætting alls þessa hefur dregið upp skýra mynd af atburðum – allt frá upphafi óróans í Bárðarbungu um miðjan ágúst til gosloka í febrúar.



Mengun frá eldgosinu var sá þáttur þess sem mest áhrif hafði í byggð. Þegar líða tók á september og kraftur gossins minnkaði sló mikilli mengun niður í byggð, ekki síst á Austurlandi. Vandamálið var viðvarandi mánuðum saman. Fréttablaðið/Egill

**Eldgosið í hnotskurn**2014  
AGÚST**16. ágúst 2014** Skjálftahrina í Bárðarbungu hefst. Ljóst að kvika var á hreyfingu neðanjarðar og berggangur að myndast til norðausturs, undir Dyngjujökli.**19. ágúst** Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð virkjuð.**22. ágúst** 25 kílómetra langur berggangur hefur myndast undir Dyngjujökli.**23. ágúst** Órói á mælum bendir til þess að eldgos sé hæfið suðaustur undan Bárðarbunguöskjunn.**25. ágúst** Berggangurinn nær norður fyrir Dyngjujökul og lengist um fjóra kílómetra á dag.**28. ágúst** Gliðun lands við Vatnajökul 40 föld miðað við meðalárið.**29. ágúst** Sprungugos hefst í Holuhrauni norðan Dyngjujökuls. Kvika kom upp á um 600 metra kaffa í gamalli gosprungu u.p.b. 5 kílómetra norðan við jaðar jökulsins. Gosið stóð í aðeins fjórar klukkustundir.**31. ágúst** Eldgos hefst á ný í sprungunni í Holuhrauni. Áætlað að gosprungan væri um 1,5 kílómetra löng. Stórt eldgos með miklu hraunrennsli.**5. september** Ný sprunga opnast suður af þeirri fyrri.**12. september** Brennisteinsmengun frá gosstöðvunum í Holuhrauni eykst þessa daga í byggð og verður viðvarandi vandamál um allt land næstu mánuði.**8. október** Gígurinn Baugur talinn 100 metra hár.**31. október** – Stærsta hraun á Íslandi á 230 árum á aðeins 60 dögum.**2. desember** 5.727 jarðskjálftar í Bárðarbungu frá byrjun goss. 23.901 jarðskjálfti frá 16. ágúst við eldstöðina. Smátt og smátt dregur úr gosvirkni. Hraun og gastegundir halda áfram að streyma úr íðrum jarðar og hraunstraumur er til norðausturs sem náði vestustu kvíslum Jökulsár á Fjöllum.**27. febrúar 2015** Engin hraunglóð þegar flogið var yfir.**28. febrúar** Goslok staðfest af vísindamannaráði Almannavarna þann 27. febrúar. Hraunbreiðan rúmlega 85 ferkílómetrar. Botn Bárðarbunguöskjunnar hefur sigið um 60 metra.

SEPTEMBER

OKTÓBER

DESEMBER

2015

FEBRUAR



# MARGVERÐLAUNUÐ SKYACTIV SPARTÆKNI



MAZDA3 FRÁ 3.190.000 kr.

**SKYACTIV**  
TECHNOLOGY



Mazda3 er sönnun þess að með því að hugsa öðruvísi og ögra því hefðbundna er hægt að setja ný viðmið. Með byltingarkenndu SkyActiv spartækninni hefur Mazda náð fádæma árangri til lækkunar eyðslu án þess að fórnna afli né viðbragði - enda er akstursánægja eitt aðalsmerki Mazda. Að auki er Mazda3 einstaklega glæsilegur á að líta en hann er hannaður í anda KODO hönnunarinnar sem er innblásin af hreyfingum, krafti og lipurð blettatígursins.

*Komdu og reynsluaktu Mazda3*

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | [mazda.is](http://mazda.is)  
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

10 ÁRA AFMÆLI  
MAZDA  
því Brimborg

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á



## SKOÐUN

## Tvöfalt stórslys



Kristin Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

Nú þegar sumri hallar er lítið lát á heim-sóknun útlendra gesta í Reykjavík. Göngutúr um Kvosina minnr á 17. júní, slíkur er fjöldi ferðamanna. Fréttir herma að fundarsalir og gisting séu ekki á lausu næstu misserin þrátt fyrir öll hótélín og heimagistinguna. Svo áfram verður gestkvæmt.

Umheimurinn hefur uppgötvað að vetur norður undir heimskaupsbaug er heillandi. Norðurljós og hressilegur hríðarbylur freista margra sem búa við tilbreytingarsnauð veðurfar. Fólki sem býr við bjartan dag og dimma nótt árið um kring þykir myrkur vetrardagur spennandi ekki síður en bjartar sumarnætur. Það er góð búbot fyrir okkur og lyftistöng, sem gerir Reykjavík að líflægri bæ.

En þessu fylgja vaxtarverkir. Miðbærinn er að verða einsleitur. Hótel, gistiheimili, kaffihús, matstaðir og túristabúðir raska jafnvæginu. Daglegt líf okkar eyjar-skeggja þarf meira rými. Aðdráttarafið glatast ef ekki þrífast vinnustaðir og hífli bæjarbúa.

Snjallir arkitektar kunna ráð við þessu. Þeir geta gætt vöruskemmur og yfirgefnar verksmiðjur lífi. Chelsea í New York og Kristjánshöfn í Kaupmannahöfn eru dæmi um vel heppnaða endurlífgun hnignandi borgarhluta. Í yfirgefnun skemmur blómstrar mannlíf í kringum finustu gallerí, nýttu skrifstofur og frumlega mannabústaði.

Á Landspítalalóðinni er samansafn ósamstæðra bygginga. Margar eru úreltar. Það er verkefni arkitekta að finna þeim nýtt hlutverk. Þær gætu hýst heilsgæslu, skóla, hótél, matvörubúðir, banka, læknastofur, íbúðir og hvaðeina – snjallir fagmenn kunna svör við því.

Sjálfstjórnin, gamli Landspítalinn, gæti orðið nýtt Listasafn Íslands og Listasafnið við Tjörnina breyst í langþráð Náttúruminjasafn. Um leið myndi létta á miðbænum.

Líklega má hagnast á öllu saman og nota afkraksturinn sem útborgun í nýjan spítala, sérhannað hús sem rúmt væri um og uppfyllti ýrtruðu kröfur. Það gæti risið á Vífilsstöðum, í Fossvogi eða á góðri lóð í austurborginni. Ný bygging yrði notadrýgr og ódýrari en bútaumurinn sem er á teikniborðinu.

Finar hugmyndir Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns um nýtt hlutverk fyrir lögreglustöðina á Hlemmi og Þjóðskjalasafnið efst á Laugavegi eru greinar á sama meiti. Varnaðarorð Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra um stórkaraleg byggingaráform eru líka athyglisverð. Skotgrafatónninn dregur þó úr vægi orðanna. Svo kastar hann steini úr glerhúsi því lóðir ríkisins í miðborginni eru til skammar. En áhugi ráðherrans er lofsverður.

En höldum okkur við Landspítalalóðina. Þar er tvöfalt stórslys í uppsiglingu. Borgarstjóri og forsætisráðherra og allt þeirra lið þurfa að sameinast um að afstýra slysinu. Efnar þarf til hugmyndasamkeppni með tvíþættu markmiði – að standa vörð um mannlíf í miðborginni og finna nýjum Landspítala verðugan stað þar sem hann fær að vaxa og dafna.



Líklega má hagnast á öllu saman og nota afkraksturinn sem útborgun í nýjan spítala, sérhannað hús sem rúmt væri um og uppfyllti ýrtruðu kröfur.

Gunnar



## Mín skoðun Jón Gnarr Of sjoppulegt til að kalla Þjóðarsáttmála



Í vikunni var undirritaður þjóðarsáttmáli um læsi. Ég verð að viðurkenna að ég veit ekki alveg út á hvað hann gengur. Ég er hluti af þessari þjóð. Ég á fimm börn og eitt á grunnskólaaldri. Ég er rithöfundur og handritshöfundur. Ég hef því bæði tilfinninga- og fjárhagslega hagsmuni af því að fólk kunni vel að lesa. Ég hlustaði á langt viðtal við menntamálaráðherra um átakið en ég var engu nær. Einsog öll alvöru þjóðaráttök þá er gert lag. Ekki alveg samt heldur var gerður nýr texti við gamalt lag. Lagið heitir: Það er gott að lesa, og er nýr texti við lagið það er gott að elska með Bubba. Lagið á að virka hvetjandi á krakka. Þau hlusta á lagið og gripa bók. Eða kannski er þetta ætlað foreldrum. Mér finnst þetta samt hljóma eins og svo margt annað; eins og nýr texti við gamalt stef. Ég held að þetta sé lítið og illa hugsað og muni skila takmörkuðum árangri ef nokkrum. Mér finnst þetta vera svo alvarlegt mál að það hefði alveg mátt henda í frumsamiðlag. Mér finnst þetta eiginlega of sjoppulegt aðgerð til að kalla hana Þjóðarsáttmála. Hvar er til dæmis forsetinn? Og af hverju er okkur rithöfundum ekki boðið að vera með? Mér finnst eins og verið sé að blása til orrustu sem er fyrir fram töpuð því það er enginn með nein vopn heldur einungis lúðrablása. Þetta er svona átak sem lýsir vilja en ekkert meira en það. Ég verð líka að viðurkenna að ég skil ekki alveg hugtakið „að lesa sér til gagns“. Ég set það alltaf í samband við það að geta lesið innihaldslýsingu á umbúðum úti búð. Ég skil ekki hugsunina á bak við hugtakið. Hvað varð um „að lesa sér til gamans“?

### Hörð samkeppni

Ég held að ég hafi byrjað að lesa vegna þess að mér leiddist. Ég held að það sé líka ein helsta ástæðan fyrir því hvað við Íslendingar höfum lesið mikið í gegnum aldirnar. Fólk hefur verið einangrað og ekki haft um mikla dægurstyttingu aðra að velja. Róbinson Krúso var bara með eina bók á eyjunni sinni; Biblíuna, og las hana spjaldanna á milli. Ég hef lesið hana sjálfur og hún er drepleiðinleg. Maður les hana bara annaðhvort sem verkefni eða vegna þess að maður hefur nákvæmlega ekkert annað lesefni um að velja.

En nú er öldin önnur. Það er offramboð af aðgengilegri og auðmeltanlegri afþreyingu en bókum. Athygli barna beinist í auknum mæli að snjallsímum, interneti, tölvuleikjum og sjónvarpi. Bækur mæta afgangi. Þetta er hörð samkeppni.

### Borga krökkum fyrir að lesa

Kannski er kominn tími til að endurhugsa strategiuna ef fólk er virkilega alvara. Ég veit ekki alveg hvað þarf til en ég veit að það mun kosta mikla peninga. Ég hef oft bent á það hér og á öðrum vettvangi að íslenska er spurning um peninga. Það kostar að halda úti tungumálinu okkar. Ef við viljum það þá þurfum við að vera meðvitund og viljug að borga fyrir það. Ef við viljum ekki borga þá mun lestrarkunnáttu fara hrakandi jafnt og þétt og íslenskan mun lognast út af en enska taka yfir. Hún er þegar byrjuð



Kannski er kominn tími til að endurhugsa strategiuna ef fólk er virkilega alvara.

að gera það. Næsta „kynslóð“ af tölvum verður raddstýrð. Það er bara staðreynd. Ég nota SIRI-gervigreindina í símanum mínum. Við tölum saman á ensku. Heimilistæki verða fljótlega raddstýrð líka. Það mun kosta 1-2 milljarða að gera okkur kleift að tala við vélarnar okkar á íslensku. Ef það verður ekki gert þá óttast ég afleiðingarnar. Það þarf líka að stokka upp allt fjármagn sem við erum nú þegar að veita til lestrarkennslu. Mér finnst mjög ólíklegt að það muni gerast. Því miður. Það er ekki einu sinni verið að þýða umbúðir utan um vörur. Við þurfum kannski algjörlega nýja hugmyndafræði við lestrarkennslu? Við erum svolítið búin að vera að reyna að fá krakka til að lesa vegna þess að það sé svo göfugt og spennandi ævintýri. Og oft er það svo. Sumir krakkar uppgötva þennan undraheim bókarnar. En margir missa móðinn og gefast upp. Og þeim er sífellt að fjölga eins og kannanir sýna. Hvað með að taka upp hvatningar- og umbunarkerfi? Því ekki að borga krökkum fyrir að lesa?

### NÝTT NÁMSKEIÐ!

## Velkomin í núíð

– frá streitu til sáttar

Byggt á Mindfulness-based Cognitive Therapy sem tvinnar saman aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og sálfræði austrænnar vísku.

Námskeiðin eru í 8 vikur á Hilton Reykjavík Nordica frá kl. 17.30 til 19.00

Innifalið er geisladiskur með núvitundaræfingum og handbók.

Skráning og frekari upplýsingar á:  
[nuvitund.com](http://nuvitund.com)

Verð: 49.000 kr.

1. sept  
þriðjudagar

17. sept  
fimmtudagar

Leiðbeinendur  
verða sálfræðingarnir  
Anna Dóra Frostadóttir,  
Guðbjörg Danielsdóttir,  
Herdis Finnbogadóttir og  
Margrét Bárðardóttir



# STYRKTU STÖÐU ÞÍNA

NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI  
ENN FLEIRI NÁMSKEIÐ Á ENDURMENNTUN.IS

## STJÓRNUN OG FORYSTA

Stefnumótun og áætlanagerð fyrir sveitarfélög, stofnanir og félagasamtök

Snemmskráning til og með 4. september

Erfið starfsmannamál

Snemmskráning til og með 7. september

Hvatning og starfsánægja – áhrif stjórnenda

Snemmskráning til og með 8. september

Sáttamiðlun fyrir stjórnendur

Snemmskráning til og með 15. september

Árangursstjórnun og árangursmælikvarðar

Snemmskráning til og með 19. september

## PERSÓNULEG HÆFNI

Veigar garðsins – Námskeið í víngerð úr rabarbara og berjum

Snemmskráning til og með 29. ágúst

Byrjaðu í golfi – fyrir byrjendur og lengra komna

Snemmskráning til og með 1. september

Betri fjármál

Snemmskráning til og með 4. september

Öflugt sjálfstraust

Snemmskráning til og með 11. september

Hugleiðsla og jógaheimspeki

Snemmskráning til og með 12. september

## MENNING

Síðustu dagar Sókratesar í Borgarleikhúsinu

Snemmskráning til og með 5. september

Sikiley - undraheimur ljóss, lita og 3000 ára samfelldrar menningarsögu

Snemmskráning til og með 7. september

Laxdæla saga

Snemmskráning til og með 14. september

Berlín: Hin nýja miðja Evrópu

Snemmskráning til og með 12. september

París – líf og lystisemdir

Snemmskráning til og með 13. september

New York - Höfuðborg heimsins

Snemmskráning til og með 14. september

## ERLENDIR SÉRFRÆÐINGAR

Software Testing Foundations with ISTQB Certification (Prófun hugbúnaðar)

Snemmskráning til og með 31. ágúst

Leadership and Decision Making

Snemmskráning til og með 10. september

Getting a Grip on Exploratory Testing

Snemmskráning til og með 24. september

Bulk Data and Visualisation

Snemmskráning til og með 24. september

## STARFSTENGD HÆFNI

Excel - fyrstu skrefin

Snemmskráning til og með 4. september

Verkefnastjórnun - fyrstu skrefin

Snemmskráning til og með 5. september

WordPress – Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi

Snemmskráning til og með 7. september

Árangursrík framsögn og tjáning

Snemmskráning til og með 12. september

Vinnugleði - Mín vinna - mín líðan

Snemmskráning til og með 13. september

Word ritvinnsla - fyrir byrjendur

Snemmskráning til og með 14. september

## UPPELDI OG KENNSLA

Að leggja grunninn - hagnýtar og gagnreyndar aðferðir í beitingu snemmtækra ihlutunar í málörvun

Snemmskráning til og með 8. september

iPad í leikskólum

Snemmskráning til og með 18. september

## FJÁRMÁL OG REKSTUR

Lestur ársreikninga

Snemmskráning til og með 18. september

Verktaki eða launþegi

Snemmskráning til og með 22. september

Excel fyrir bókara

Snemmskráning til og með 25. september

## VERKFRÆÐI OG TÆKNIFRÆÐI

Blágrænar ofanvatnslausnir í byggð - frá hugmynd að veruleika

Snemmskráning til og með 11. september

## TUNGUMÁL

Danska – þjálfun í talmáli á léttum nótum

Snemmskráning til og með 4. september

Ítalska fyrir byrjendur

Snemmskráning til og með 4. september

Spænska I

Snemmskráning til og með 4. september

## HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Hugræn atferlismeðferð við kvíða hjá fullorðnum

Snemmskráning til og með 25. september

## UPPLÝSINGATÆKNI

Grunnur vélbúnaðar og algengustu stýrikerfa

Snemmskráning til og með 20. september

SNEMMSKRÁNING VEITIR AFSLÁTT OG LÝKUR TÍU DÖGUM ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 [endurmenntun.is](http://endurmenntun.is)





# Frumskýning í dag

# Nýr Hyundai Tucson

Fjór hjóladrif, sjálfskipting, dísilvél

Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjór hjóladrif og sparneytna dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson - Verð frá 5.490.000 kr.



Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km\* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km\* / Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð / Nýr Hyundai Tucson er einnig frumsýndur hjá umboðsmönnum Hyundai á eftirtöldum stöðum: Bílasi Akranesi, GE bílum Reykjanesbæ og Bílasölu Akureyrar. \*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.





**HYUNDAI**

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

Verið velkomin í reynsluakstur í dag frá 12–16





Fyrirliðarnir með bikarinn, Ásgerður Stefania Baldursdóttir, fyrirliði Stjörnunnar, og Guðmunda Brynja Óladóttir, fyrirliði Selfoss.

**Nýjast**

**FIMMTÁN STIGA TAP Í PÓLLANDI** Ísland tapaði fyrir Póllandi, 80-65, í fyrsta leik sínum á móti þar í landi í gær. Pólska liðið var með undirtökin allan leikinn og leiddi með átta stigum, 20-12, eftir 1. leikhluta. Íslenska liðið beit í skjaldarrendur í 2. leikhluta og aðeins munaði einu stigi, 36-35, á liðum í hálfleik. Pólverjar reyndust svo sterkari í seinni hálfleik og unnu á endanum fimmtán stiga sigur. Logi Gunnarsson var stigahæstur í íslenska liðinu með nitján stig. Ísland mætir Líbanon í dag og leikur svo gegn Belgíu á morgun áður en liðið heldur til Berlínar á EM.



**REYNIR AFTUR Á ÓLA-ÁLÖGIN** KR tekur á morgun á móti Val í sjónvarpsleik 18. umferðar Pepsi-deildarinnar en þá fer fram heil umferð (sjá fyrir neðan). Valur vann KR sannfærandi í fyrstu tveimur leikjum liðanna í sumar (3-0 í deild og 2-0 í bikarúrslitum) og KR-ingar hafa ekki unnið lið undir stjórn Ólafs Jóhannessonar í þrettán deildar- og bikarleikjum og tólf ár (1 jafntefli og 12 töp). Lið Ólafs hafa enn fremur unnið fimm síðustu leiki sína á KR-velli og það með markatölunni 10-1.

**Ásdís var í kastinu eftir að hún komst ekki áfram.**

Guðmundur Benediktsson  
@GummiBen

**SLAKASTA SÆTI ÁSDÍSAR Í SJÓ ÁR** Ásdís Hjálmsdóttir gerði ógilt í tveimur af þremur köstum sínum í undankeppninni í spjótkesti kvenna á HM í frjálsum í Peking í gær. Ásdís kastaði lengst 56,72 metra í fyrsta kasti sem skilaði henni í 29. sæti af 32 keppendum. Ásdís hefði þurft að kasta yfir 62,21 metra til að komast í úrslit en hún hefur lengst kastað 62,14 metra í ár. Fuglahreiðrið hefur ekki verið góður staður fyrir Ásdís. Ásdís hefur ekki verið neðar á stórmóti í sjó ár eða síðan hún endaði í 50. sæti á sama stað á Ólympíuleikunum 2008. Aníta Hinriksdóttir náði því bestum árangri á þessu heimsmeistaramóti með því að enda í 26. sæti í 800 metra hlaupi kvenna en hún var með 20. besta tímarni í undanrásunum.



**8. skiptið** sem lið mætast tvö ár í röð í bikarúrslitum

**1981-82 Breiðablik og Valur**  
1981 Breiðablik vann 4-0  
1982 Breiðablik vann í víta-keppni  
1984-1985 Valur og ÍA  
1984 Valur vann í vítakeppni  
1985 Valur vann 1-0

**1987-1988 Valur og ÍA**  
1987 Valur vann 2-1  
1988 Valur vann 1-0  
1996-1997 Breiðablik og Valur  
1996 Breiðablik vann 3-0  
1997 Breiðablik vann 2-1

**1998-1999 Breiðablik og KR**  
1998 Breiðablik vann 3-2  
1999 KR vann 3-1  
1999-2000 KR og Breiðablik  
1999 KR vann 3-1  
2000 Breiðablik vann 1-0

**2003-2004 Valur og ÍBV**  
2003 Valur vann 3-1  
2004 ÍBV vann 2-0  
2014-2015 Stjarnan og Selfoss  
2014 Stjarnan vann 4-0  
2015 í dag klukkan 16.00

# Stjarnan – Selfoss, taka tvö

Stjarnan og Selfoss mætast annað árið í bikarúrslitum. Stjörnukonur fóru illa með reynsluþrótt lið Selfoss í fyrra en í ár eru Selfyssingar reynslunni ríkari og stefna að því að vinna fyrsta stóra titilinn í sögu félagsins.

**FÓTBOLTI** Stjarnan vann 4-0 sigur á Selfossi í bikarúrslitum í fyrra en það var fyrsti bikarúrslitaleikur Selfyssinga frá upphafi. Á sögn Guðmundu Brynju Óladóttur, fyrirliða liðsins, eru Selfosskonur reynslunni ríkari og tilbúnari í slaginn en fyrir ári.

„Já, algjörlega. Við vorum í fyrsta sinn í bikarúrslitum í fyrra og það var mikil reynsla fyrir okkur. Nú víta stelpurnar út á hvað þetta gengur,“ sagði Guðmunda.

Selfosskonur búa líka að því að hafa unnið Stjörnuna í sumar, en Guðmunda og stóllur hennar unnu fyrri leik liðanna í Pepsi-deildinni með tveimur mörkum gegn einu en það var fyrsta tap Stjörnunnar í deildar- eða bikarleik í rúmt ár. Ásgerður Stefania Baldursdóttir, fyrirliði Stjörnunnar, viðurkennir að Garðbæingar hafi spilað undir getu í fyrri leiknum.

„Við vorum skugginn af sjálfum okkur í fyrri leiknum og varla

byrjaðar þetta mót. Við bættum okkur mikið milli leikjanna og mér fannst við spila góðan leik á Selfossi,“ sagði Ásgerður en Stjarnan vann seinni leik liðanna 1-3.

Ásgerður er að taka þátt í sínum fjórða bikarúrslitaleik með Stjörnuni. Liðið tapaði fyrir Val 2010 en vann bikarinn 2012 og 2014. Ásgerður segir að reynsla Stjörnunnar í leikjum sem þessum skipti máli þótt hún hafi ekki úrslitaáhrif: „Vonandi hjálpar þetta okkur eitthvað en það

gefur okkur ekkert forskot á laugar-daginn.“

Á meðan Stjarnan hefur sópað að sér titlum síðustu ár á Selfoss enn eftir að vinna sinn fyrsta stóra titil. En er pressa á liðinu að landa þessum fyrsta titli? „Þú ferð ekki í bikarúrslitaleik til að tapa og það er kannski smá pressa á okkur að vinna hann. En það er meiri pressa á þeim. Það er aðallega pressa frá okkur sjálfum að vinna leikinn,“ sagði Guðmunda að lokum. [ingvithor@365.is](mailto:ingvithor@365.is)

## Munum halda áfram að heilapvo landsliðsmenn

**FÓTBOLTI** „Við eigum tvo erfða leiki fyrir höndum, getum lítið æft og sáum í raun enga ástæðu til að breyta núna,“ segir Lars Lagerbäck, annar landsliðsþjálfari Íslands, en hann og Heimir Hallgrímsson völdu nákvæmlega sama landsliðshóp og síðast. Þann 3. september á liðið leik gegn Hollandi ytra í undankeppni EM og þremur dögum síðar tekur Ísland á móti Kasakstan á Laugardalsvelli. Strákarnir eru í efsta sæti síns riðils og margir Íslendingar sjá EM í hillungum.

„Ég skil vel að fólkið hafi væntingar. Ég kynntist því líka í Svíþjóð. Við í liðinu eigum ekki að hugsa um það. Við eigum aðeins að hugsa um okkur og okkar undir-

búning fyrir hvern leik. Andlegi þátturinn skiptir gríðarlegu máli. Það er undir okkur komið hvort við vinnum leiki.“ Svíinn segir að það verði ekki breytt út af í neinu. Þeir Heimir munu halda áfram að heilapvo leikmenn sína.

„Það er ákveðinn heilapvottur í gangi hjá okkur því við erum mikið að tala um sömu hlutina. Við verðum að sjá til þess að allir þekki sitt hlutverk og við náum ákveðnu frumkvæði með því að hafa allt okkar á hreinu,“ segir Lars en hefur hann aldrei áhyggjur af því að leikmenn verði þreyttir á heilapvottinum?

„Ég vona ekki. Það er í finu lagi mín vegna ef leikmenn eru búnir að fá nóg af mér svo lengi sem við spilum vel og vinnum leiki,“ segir Svíinn geðþekki og glottir við tönn. – hbg



**BORGUNAR BIKARINN** Í DAG KL. 15:45 **SPORT**

UMF  
**SELFOSS**  
1936

-

**ÚRSLITIN RÁÐAST**  
Í BORGUNARBÍKAR KVENNA

Selfoss og Stjarnan mætast í úrslitaleik Borgunarbikarsins kl. 15:45 á Stöð 2 Sport í dag. Ekki missa af einum stærsta leik ársins!

365.is | Sími 1817

**365**

**Í dag**

- 11.35 Newcastle - Arsenal Sport 2
- 13.50 Liverpool - West Ham Sport 2
- 13.50 Chelsea - Crystal Palace Sport 3
- 16.00 Stjarnan - Selfoss Sport
- 16.20 Tottenham - Everton Sport 2
- 18.20 Barcelona - Malaga Sport
- 20.20 Real Madrid - Real Betis Sport

16.00 Stjarnan - Selfoss Laugardalsvöllur

**Á morgun**

- 14.50 Swansea - Man. United Sport 2
- 15.55 AS Roma - Juventus Sport 3
- 11.35 Newcastle - Arsenal Sport 2
- 17.30 KR - Valur Sport 3
- 17.30 Genoa - Hellas Verona Sport 3
- 22.00 Pepsimörkin Sport
- 17.00 ÍBV - Keflavík Hásteinsvöllur
- 18.00 Fylkir - ÍA Fylkisvöllur
- 18.00 Fjölnir - Stjarnan Fjölnisvöllur
- 18.00 Breiðablik - Leiknir Kópavogsvöllur
- 18.00 FH - Víkingur Kaplakrikavöllur
- 18.00 KR - Valur Alvogevöllurinn





# Kynntu þér Ford Ka



## Lægsta verðið á Íslandi

> **Ford Ka frá 1.695.000 kr.**

Kynntu þér þennan ferska, flinka, flotta og ferlega skynsama smábíl. Þú færð ekki nýjan bíl á lægra verði. Veldu sparneytinn borgarbíl og lækkaðu rekstrarkostnaðinn. Ford Ka er líka þekktur fyrir afburða aksturseiginleika, gott notagildi og litríkan persónuleika.

**Komdu og prófaðu**



[ford.is](http://ford.is)

20 ára afmæli  
Ford hjá Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík    Brimborg Akureyri  
Bíldshöfða 6            Tryggvabraut 5  
Sími 515 7000            Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16. Varahlutaverstun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.





Ásrún og unglingsstelpurnar tjá unglingsárin í dansi í sýningunni GRRRRRRLLLLSS.

Fréttablaðið/Vilhelm

Júniform  
opnar sérvorslun  
í Aðalstræti 10  
(2.hæð Kraum)



júniform

Opnunartímar:  
Mán-föst 11-18  
laugardagar 10-17  
sunnudagar 12-17

Aðalstræti 10 (2.hæð Kraum)



# Stelpurnar taka völdin

Unglingsstelpur sölsa undir sig sviðið í Gamla bíói með dansverki sem þær sömdu sjálfar.

**V**erkið fjallar um það að vera unglingsstelpa og er flutt og samið af unglingsstelpum. Ég samdi það með þeim en þær flytja það," segir dansarinn og danshöfundurinn Ásrún Magnúsdóttir um verkið GRRRRRRLLLLSS. Verkið verður frumsýnt í dag í Gamla bíói og er hluti af Reykjavík Dance Festival sem stendur yfir fram á sunnudag. Unglingsárin eru höfundinum hugleikin enda segir hún þetta vera spennandi aldur þar sem maður er ekki lengur barn en ekki orðinn fullorðinn, í einhvers konar milli-bilsástandi.

„Þetta er óður til unglingsáranna," segir Ásrún. „Verkið er fyrir allar unglingsstelpur í dag, allar konur sem hafa verið unglingsstelpur, allar stelpur sem eiga eftir að vera unglingsstelpur. Og alla menn sem verða aldrei og hafa aldrei verið unglingsstelpur.“

Hugmyndin kviknaði hjá Ásrúnu í vetur og var hennar eigin reynsla af unglingsárunum henni einnig hugleikin, auk þess sem hún hafði verið að kenna unglingsstúlkum dans í Listdansskóla Íslands en Ásrún er útskrifaður dansari frá Listaháskóla Íslands og hefur sett upp nokkur dansverk.

„Ég var líka mikið að hugsa þetta út frá því að það er búin að vera svo mikil femínísk bylgja í gangi á Íslandi," segir hún og vísar þar í Beauty tips-byllinguna og Freethenipple þar sem konur á öllum aldri losuðu sig við skömmuna. Hún vildi vita hvort unglingsstelpur væru að velta fyrir sér byllingunum og skilaboðum þeirra.

„Mig langaði að sjá hvernig er fyrir yngri stelpurnar að verða fyrir þeim.

Þær eru ekki komnar úr að ofan á Twitter, eru ekki í Reykjavíkurdætrum eða eitthvað þannig. Mig langaði að vita hvað þær hefðu að segja um þetta og hvernig þær upplifðu þetta," segir hún.

Og hvernig upplifðu þær þessa byltingu? „Þær eru að vissu leyti mjög meðvitaðar en að öðru leyti ekki. Mér fannst það jákvætt því þær finna ekki fyrir því sérstaklega að þær þurfi að berjast fyrir því að vera konur enda eru þær þarna mitt á milli, enn börn í rauninni. En þær eru samt líka baráttukonur.“

Í vor auglýsti Ásrún því eftir unglingsstelpum til þess að skapa dansverk með henni. Viðbrögðin voru vonum framar – um fimmtíu stelpur á aldrinum 13–16 ára komu, allar máttu vera með en einhverjar dattu úr hópnum og tuttugu standa eftir. Í sameiningu sömdu þær verkið sem þær sýna í dag. Stelpurnar eru með mismunandi bakgrunn, sumar hafa æft dans og aðrar ekki. „Sumar hafa aldrei dansað eða komið fram. Þetta er skemmtileg blanda. Það er heimikið afrek að standa á sviði í heilan klukkutíma.“

Verkið verður sýnt tvisvar í dag, laugardag. Fyrri sýningin er klukkan 15 og sú seinni klukkan 19.



**VERKIÐ FJALLAR UM ÞAD AÐ VERA UNGLINGSSTELPA OG ER FLUTT OG SAMIÐ AF UNGLINGSSTELPUM.**



# netto

Kræsingar & kostakjör

# SKIPULAGÐUR SNAÐINGUR Í SKEMMTILEGU BOXI FRÁ sistema®



KÆLITASKA  
2.498 KR

SALATBOX MEÐ  
KÆLIKUBBI, HNÍFA-  
PÖRUM OG SÓSUBOXI

SALATBOX  
2.398 KR

SALATBOX MEÐ HNÍFAPÖRUM  
OG SÓSUBOXI

SALATBOX  
1.398 KR

TRIO 480 ML  
798 KR

TRIO 580 ML  
898 KR

TRIO 700 ML  
998 KR

FJÖLDI BOXA  
verð frá  
598 KR

NÝTT - SISTEMA TRIO BRÚSAR

SNACK ATTACK  
TVEGGJA MÁLTÍÐA NESTISBOX  
MEÐ TVEIMUR AUKAHÓLFUM

SNACK  
ATTACK  
miðstærð  
1.198 KR

SNACK  
ATTACK  
stórt  
1.498 KR

SNACK ATTACK SAMLOKUBOX  
MEÐ TVEIMUR AUKAHÓLFUM

SNACK ATTACK NESTISBOX  
MEÐ LOKUÐU AUKAHÓLFUM

SNACK  
ATTACK  
lítið  
798 KR

[www.netto.is](http://www.netto.is)

| Mjódd · Grandi · Salavegur · Búðakór · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



**TANZANIA**  
Bekkur úr eik fyrir borðstofuna frá SOUL.

**65.990 kr.**  
~~75.990 kr.~~

**TANZANIA**  
Einstakt borðstofu-  
borð frá SOUL. Úr eik.  
Stærð: 100 x 200 x 76 cm.

**119.990 kr.**  
~~142.990 kr.~~

**TANZANIA**  
Vandaður skápur í  
borðstofuna frá SOUL.  
Úr eik, gler í efri hurðum.  
Stærð: 160 x 200 x 45 cm.

**349.990 kr.**  
~~434.990 kr.~~



**SALLY**

Fáir sitja betur.  
Hægindastóll PU Brandy,  
Rio antrazit og ljósgrár.  
Stærð: 72x72 H:88 cm.

**29.990 kr.** ~~39.980 kr.~~

1.



2.



3.



4.

1. IVV All in one diskur 32x28 cm **7.990 kr.** 2. IVV glas Niagara **1.790 kr.** 3. Paul Pava diskur (34 cm) **9.990 kr.** ~~12.990 kr.~~ 4. iittala Kastelmi skálar – Forest green og apple green – með 20% afslætti **3.192 kr.** ~~3.990 kr.~~



**ASAMA**

Borðstofustóll, svart PU leður.

**11.990 kr.** ~~15.990 kr.~~



**ABBY**

Borðstofustóll, dökkgrár og grár

**14.990 kr.** ~~24.990 kr.~~



**FREYJA**

Borðstofustóll, svart PU leður með viðarfótum.

**19.990 kr.** ~~24.990 kr.~~



**MADISON**

Borðstofustóll, eik með gráu eða dökkgráu áklæði.

**34.990 kr.** ~~44.990 kr.~~



**TESS**

Skrifborð úr aski með hvítri plötu. Með þremur litríkum skúffum. Særð: B:120 D:60 H:76 cm

**59.990 kr.** ~~69.990 kr.~~



**CLIPPER**

Skrifborð hvítt eða svart Stærð: B:120 D:60 H:75 cm

**34.990 kr.** ~~42.990 kr.~~



**BELINA**

Borðstofuborð, viður/hvítt. Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**99.990 kr.** ~~119.990 kr.~~



**CARINA**

Borðstofuborð, hvítt. Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**109.990 kr.** ~~129.990 kr.~~



**S.O.U.L**  
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE



### EDWARD

Tungusófi. Blágrátt slitsterkt áklæði. Val um púða eða pullur í baki.

Stærð:  
270 x 163 x 90 cm

**299.990 kr.**

**-409.990 kr.**

# Vertu eins og heima hjá þér

## Lokahelgi tilboðanna í ágústbæklingi



**Mathilde**  
Barstóll hvítur og rauður


**17.990 kr. -27.990 kr.**

### HOBART

2,5 sæta sófi. Town dökkgrár. Fætur úr olíuborinni eik.

Stærð: B:178 D:78 H:85,5 cm

**99.990 kr. -129.990 kr.**



### ANACO XL

Hornsófi hægrí. Lítur Corsica grár

Stærð: B:288 x 212 x H: 80 cm

**199.990 kr. -299.990 kr.**



Nýtt blað er komið í dreifingu  
<http://www.youblisher.com/p/1196290-Husgagnahollin-agust-2015/>

**HÚSGAGNA HÖLLIN**



# Við vorum án lands

**Sava og Nedeljka** höfðu verið fjarri heimkynnum í flóttamannabúðum í sjö ár þegar þau komu til Íslands. Þau eru ánægð með hlutskipti sitt, en segjast sakna sumarsins.

Sveinn  
Arnarsson  
sveinn@frettabladid.is



**K**ristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, bauð tuttugu og fjóra flóttamenn frá Júgóslavíu velkomna til bæjarins. Fólkið átti að baki langt og strangt ferðalag. Í hópnum eru þrettán fullorðnir og ellefu börn. Fólkið, sem er serbneskt að uppruna, var hrakið burt frá Krajina-héraði í Króatíu árið 1996 ásamt hundruðum þúsunda manna og hefur dvalið í flóttamannabúðum síðan. Þannig hófst frétt Fréttablaðsins þann 28. mars árið 2003 um komu flóttamanna til Akureyrar þremur dögum áður. Í þessum hóp voru meðal annars Sava og Nedeljka Ostojic, ásamt 12 ára syni sínum, Sasa. Sasa hafði þá lifað meirihluta ævi sinnar á hrakholum í flóttamannabúðum.

Á einu ári söfnuðu hjónin fyrir útborgun í íbúð á Akureyri. Sava vann hjá BM Vallá þar til honum var sagt upp árið 2010 í efnahagsþrengingunum. Nú starfa þau hlið við hlið í þvottahúsi öldrunarheimilisins Hlíðar. Gleðin skín af þeim þegar blaðamaður og ljósmyndari hitta þau í vinnunni. Þau lýsa lífi sínu sem gjörbreyttu frá því sem þau þekktu áður. „Það vantar bara sumar herna á Íslandi, það er búið að vera svo kalt,“ segir Nedeljka og blaðamaður tekur heils hugar undir.

## Man vel eftir fyrsta deginum

„Það var rosalega erfiður tími, þessi ár áður en við komum til Íslands,“ segir Nedeljka og rödd hennar breytist órlítið þegar hún rifjar upp þennan tíma. „Það var stríð og við vorum glöð að komast í burtu. Við vorum á þessum tíma án lands. Erum í bakgrunninn sem bæði Króatar og Serbar, einhvers konar blanda af þessu öllu saman.“

Allt frá falli Sovétríkjanna hefur Balkanskagi logað í illdeilum. Þjóðernishreinsanir, glæpir gegn mannkyninu og frelsisbarátta þjóðarbrotanna með tilheyrandi átökum og borgarstríðum voru daglegt brauð. Ekki er langt síðan kosíð var í Kósóví í fyrstu þjóðaratkvæðagreiðslu ríkisins sem sjálfstæðs ríkis. Hún gekk þó ekki áfallalaust fyrir sig og átök brutust út svo að þurfti að endurtaka atkvæðagreiðsluna í nokkrum héruðum Kósóví.

Í kjölfar þess að Akureyrarbær ákvað að taka á móti flóttafólki var farið í sendiför til Belgrad til að kanna ástandið. Þetta var gert að frumkvæði fyrrverandi félagsmálaráðherra, Páls Péturssonar, og nú hefur flokkssystir hans, Eygló Harðardóttir, ákveðið að endurtaka leikinn.



Nedeljka og Sava Ostojics segi líf þeirra hafa gjörbreytt við komuna til Íslands. Mynd/Völundur Jónsson



**PETTA VAR ROSALEGA ERFIÐUR TÍMI, ÞESSI ÁR ÁÐUR EN VIÐ KOMUM TIL ÍSLANDS.**



**ÉG HUGSAÐI MEÐ MÉR HVORT ÉG ÆTLAÐI VIRKILEGA AÐ BÚA HÉRNA LENGI. ÞETTA VAR AUÐVITAÐ ALLT ÖÐRUVÍSI EN HEIMA.**

Nedeljka Ostojics

Nedeljka segir það hafa verið nokkur viðbrigði að koma norður á Akureyri fyrst. Áður en hópurnir kom norður höfðu þau eytt einum degi í höfuðborginni og fengið kynningarferð um svæðið. Þó að það sé nú rúm tólf ár síðan þau komu til Íslands man Nedeljka eftir fyrsta deginum á Akureyri alveg eins og hann hafi verið í gær. „Veirið var ekki með besta móti þennan dag. Rigning og blautt og kalt og ég hugsaði með mér hvort ég ætlaði virkilega að búa herna lengi. Þetta var auðvitað allt öðruvísi en heima. Við fórum svo í Rauða krossinn þar sem okkur voru afhentir lykjar að íbúðunum okkar. Enginn sagði orð, það var allt rosalega hljött. Við höfðum túlk lengi á eftir sem hjálpaði okkur en það er minnisstætt hversu lítið var talað. Það þögðu bara allir.“

## Börnin voru fljót að ná íslenskunni

„Það er erfitt að læra og eins og þú heyrir þá tala ég ekkert rosa mikið,“ segir Nedeljka og afsakar íslenskuna sína. Hún þarf þess heldur betur ekki enda skilst allt upp á punkt og prik sem hún segir. Á meðan við ræðum saman stendur Sava og brýtur saman

fatnað og handklæði og fyllir upp í eyðurnar ef einhverjar eru. „En börnin voru fljót að ná þessu og sonur okkar talar hundrað prósent íslensku. Hann hlær að því að ég sé að tala við blaðamann núna,“ segir hún. „Það var rosa gott að sjá hvað börnin voru fljót að ná þessu og nú er sonur okkar á leið í háskóla og allt gengur rosalega vel.“

## Gekk vel að finna störf fyrir karla

Í skýrslu sem Akureyrarbær gaf út ári eftir að flóttafólkið kom til landsins segir að vonum frammar hafi gengið að koma þessum einstaklingum í vinnu. Samkvæmt kostnaðaráætlun sem gerð var í upphafi fékk fulloröna fólkið fulla framfærslu fyrstu sex mánuðina, tvo þriðju næstu þrjá mánuðina og þriðjung síðustu þrjá. Hins vegar var það svo að allar fyrirvinnur voru komnar í störf eftir þriggja mánaða veru á landinu.

Teymið sem vann með flóttafólkinu skoðaði menntun og reynslu þeirra sem komu og eftir þá skoðun var rætt við faggreinar sem pössuðu hverjum og einum. Þetta átti einkum við karlana í hópnum en mun erfiðara var að finna vinnu við hæfi fyrir

kvenfólkið. Það sem í boði var voru aðallega hlutastörf sem hentuðu fólki illa. Innan árs voru þó allir komnir í fulla vinnu.

## Heim annað hvert ár

Nedeljka segir fjölskylduna reyna að fara annað hvert ár heim til Serbíu til að hitta frændfólk sitt. Þó hefur það verið erfiðara og erfiðara síðustu ár. „Hrunið 2008 skiptir okkur miklu máli því krónan er miklu lægri núna en hún var þannig að það er dýrara að fara til Serbíu,“ segir Nedeljka. Hún eigi frændur og frænkur nærri Belgrad og reyni að vera í góðum samskiptum við fólkið sitt. Foreldrar hennar séu þó fallnir frá og bræður hennar látnir.

## Halda vel hópinn

Þessi 24 manna hópur býr enn allur á Akureyri. Aðspurð segir hún hópinn hittast reglulega. „Já við hittumst og spjöllum og borðum stundum saman á laugardögum. Það skiptir okkur máli að geta rætt við fólk með sama bakgrunn. Þessi hópur er ágætlega samrýmdur, þannig lagað séð, þótt auðvitað hafi menn farið sitt á hvað hér á Íslandi.“

# Okkur rennur blóðið til skyldunnar

Bæjarstjórinn á Akureyri kveðst spenntur fyrir því að taka á móti flóttamönnum í bæinn.

**E**ygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, lýsti yfir vilja íslenskra stjórnvalda til að taka á móti um 50 flóttamönnum á næsta ári. Ísland yrði þannig þátttakandi í samvinnu Evrópuþjóða um móttöku svokallaðs „kvótaflóttafólks“. Akureyrarbær var fyrsta sveitarfélagið til að lýsa því yfir að það væri reiðubúið að taka við flóttafólki til sín. „Ástæðan fyrir því er í raun einföld,“ segir Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri.

„Við teljum að okkur renni blóðið til skyldunnar til að hjálpa þessu fólki. Þetta upphófst þannig að bæjarfulltrúar fóru að ræða saman sín á milli hvort það væri ekki eitthvað sem við Akureyringar gætum gert. Í framhaldinu fór þetta eðlilegar leiðir í kerfinu. Við viljum sýna að okkur er alvara með því að vera til staðar við komu flóttamanna til Íslands. Við höfum vissulega ágæta reynslu af einmitt því að bjóða fólk velkomid á þennan hátt því við tókum við 24 ein-

staklingum, fimm fjölskyldum, árið 2003 frá gömlu Júgóslavíu.“

## Reynslan er góð

Árið 2003 komu til Akureyrar 24 flóttamenn frá Serbíu eftir erfið átök. Voru þetta fimm fjölskyldur sem höfðu átt í miklum erfiðleikum og þurft að hverfa frá heimkynnum sínum. Að mati Eiríks er reynsla Akureyringa góð af þessu og þær upplýsingar og gögn sem bæjarfélagið á um móttökuna og ferlið allt

er öllum sveitarfélögum landsins opin. „Við sem þekkjum þetta vitum að þessi reynsla frá 2003 er mjög góð. Miðað við þá umræðu sem er í gangi nú er ákveðin síðferðisleg skylda okkar að bjóða fram krafta okkar á nýjan leik,“ segir Eiríkur og bendir á að nú tólf árum síðar eru allir þessir einstaklingar búsettir enn á Akureyri. „Þetta hefur gengið mjög vel. Þessir einstaklingar eru bara eins og ég og þú, hluti af samfélaginu sem gengur til vinnu á daginn og sinnir

sínu,“ og bætir við að bæjarstjóri og blaðamaður séu báðir aðkomumenn í þessari sveit þótt ekki séu þeir flóttamenn.

„Við eigum mikið af upplýsingum um hvernig okkur gekk árið 2003. Það sveitarfélag sem verður fyrir valinu nú getur fengið þessar góðu upplýsingar frá okkur. Eins er mikilvægt að við láttum einnig vita hvað gekk ekki upp eða hvað við hefðum mátt gera betur við komu flóttamanna árið 2003. Þær upp- ➔



ÞAÐ SEM EKKI DREPUR MANN - DAVID LAGERCRANTZ

# LISBETH SALANDER ER MÆTT AFTUR!

ÞYÐING: HALLA KJARTANSDÓTTIR

BJARTUR

„Bók Lagercrantz er aldrei formúlukennd, hún er rennilegri og þéttari en fyrstu bækurnar þrjár, þótt hann fylgi forskriftinni og byggji söguna upp hægt og örugglega.“  
GUARDIAN

„STÖRKOSTLEG...  
VELKOMIN Í  
ÓDÁUÐLEGAN HEIM  
SKÁLDSKAPARINS.  
LISBETH SALANDER!“  
MARIO VARGAS LLOSA,  
EL PAÍS

„GRÍÐARLEGA VEL  
SKRIFAÐIR OG  
FLOTTIR KRIMMAR“  
PÁLL BALDVIN, KILJAN

„Lagercrantz hefur skrifað góða og skemmtilega spennusögu sem stendur fullkomlega á eigin fótum.“  
SVENSKA DAGBLAÐET

„Aðdáendur Lisbeth Salander geta andað léttar! Þönk-hakkara-hetjan okkar er í góðum höndum.“  
USA TODAY

DAVID LAGERCRANTZ  
ÞAÐ SEM EKKI  
DREPUR MANN  
4. BÓKIN ÚR SMÍÐJU STIEGS LARSSON



Fjórða bókin í Millenium-seríunni.  
Kemur út samtímis um allan heim í 2,7 milljónum eintaka!



→ Lýsingar eru einnig mjög mikilvægar,“ segir Eiríkur og bendir á að nú sé umræður á algjöru frumstigi. Það sé algjörlega óljóst hvort af þessu verði, hversu stór hópurinn verði sem komi til landsins og þá hvert hann fari hér innanlands. „Við verðum ekkert móðguð þótt Akureyri verði ekki fyrir valinu í þetta skiptið. Það er hins vegar skylda okkar að rétta út faðminn og sýna að okkur er alvara um að aðstoða okkar minnstu bræður.“

**Það eru allir velkomnir norður** Stúðningur við innflytjendur á Akureyri er góður að mati þeirra sem stýra bæjarfélaginu. Bæjarfélagið rekur

meðal annars sérstaka upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu fyrir íbúa af erlendum uppruna í þeim tilgangi að styðja við bakið á þeim og hjálpa þeim við daglegt líf og aðlögun að því samfélagi sem þeir búa í. Eiríkur bendir á að jafnvægi verði einnig að vera til staðar. „Það er enginn að tala um að það verði eitthvað meira en við ráðum við. Við munum auðvitað þurfa að vega og meta jafnvægið í þessu öllu saman þótt auðvitað séu allir velkomnir norður.“

En gagnrýnisráddir hafa hins vegar heyrst frá Akureyringum. Eiríkur greinir frá því að hann hafi heyrt gagnrýni vegna þessa bæði úti á götu, í samtölum og í erindum sem

berast bænum frá bæjarbúum. „Þetta er ekki gagnrýnislaust hjá okkur. Einhverjir íbúar hafa látið okkur vita að við séum ekki að breyta rétt með að bjóða flóttamönnum hingað til okkar. Sumum finnst skrýtið að við séum að hjálpa fólki í öðrum löndum á meðan fólk hér heima hafi það ekki nógu gott. Við erum auðvitað að gera okkar besta fyrir það fólk líka en á sama tíma rennur okkur blóðið til skyldunnar að hjálpa okkar minnstu bræðrum. Flóttamenn í dag búa við þannig aðstæður að við getum ekki gert okkur í hugarlund hversu slæmar þær eru. Það eru fáir hér heima sem búa við þessar hörmungar,“ segir Eiríkur.

Eiríkur Björn Björgvins-son bæjarstjóri segir að Íslendingar geti ekki gert sér í hugarlund hversu slæmar aðstæður flóttamanna séu.



Fréttablaðið/Ernir



Landsvirkjun



**Bakgrunnurinn skiptir máli**

Þeir einstaklingar sem komu til Akureyrar árið 2003 búa enn á Akureyri. Mikill stuðningur var til staðar þegar sá hópur kom til landsins og hélt teymi á vegum Akureyrar og Rauða krossins vel utan um hópinn. Allur hópurinn hóf þegar í stað nám í íslensku og börnin voru gerð tilbúin fyrir skóla næsta vetur. Útvegaður var túlkur fyrsta árið þeim til halds og trausts. Börnin voru fljót að aðlagast umhverfinu og komust í samband við börn í nágrenni sínu nokkuð fljótt. Fram kemur í skýrslu Akureyrarbæjar um hvernig til hafi tekist að börnin hafi fylgt námsefninu mjög vel og í takt við það sem lagt var upp

með. Þau voru einnig mjög fljót að ná íslenskunni og fóru að tala hana reiprennandi á skemmri tíma en menn vonuðu í upphafi.

Eiríkur segir einmitt skipta miklu máli hvernig bakgrunnur fólksins er. „Samsetning hópsins er mjög mikilvæg og það skiptir einnig miklu máli hversu tilbúið það er til að aðlagast því samfélagi sem fyrir er. Þessi árangur er ekkert því að þakka hversu æðisleg við erum heldur var þessi hópur tilbúinn til að leggja mikið á sig til að aðlagast heimi gerólíkum þeim sem það á að venjast og fyrir það eigum við að þakka,“ segir Eiríkur.

Akureyri hefur alltaf haft á sér það orð að vera lokað samfélag. Eiríkur

blæs á þessa þreyttu en lifseigu mýtu að erfitt sé að kynna Akureyringum. „Mér hefur alltaf fundist að Akureyringar séu tilbúnir að kynna hverjum sem er. Hins vegar er stóra spurningin hvort hinir séu tilbúnir að kynna Akureyringum. Svo hefur fjöldi „aðfluttra“ auðvitað aukist gríðarlega í bænum síðustu ár með tilkomu Háskólans á Akureyri svo skilin milli þess að vera Akureyringur eða ekki eru nokkuð útvötnuð.“

**Dauðinn skárri kostur en að sitja eftir** Bæjaryfirvöld á Akureyri munu í framhaldinu hefja viðræður við velferðarráðuneytið um mögulega aðkomu bæjarins að móttöku flótta-



**VIÐ SKULUM HAFA ÞAÐ HUGFAST AÐ ÞETTA FÓLK LANGAR EKKERT AÐ FLYTJAST BÚFERLUM FRÁ HEIMAHÖGUM SÍNUM.**

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri

manna. Eiríkur segist spenntur fyrir því að sjá hvernig málið þróist hjá stjórnvöldum. „Við sáum hörmungarfréttir í íslenskum og erlendum fjölmiðlum nánast daglega af flóttafólki sem leggur gríðarlega mikið á sig í von um betra líf. Við skulum hafa það hugfast að þetta fólk langar ekkert að flytjast búferlum frá heimahögum sínum. Þessir einstaklingar sem fara yfir Miðjarðarhafið á opnum bátum gera sér auðvitað grein fyrir því að þeir geta hæglega týnt lífi. Það er hins vegar skárri kostur í huga þeirra en að vera um kyrrt. Við sem sitjum hér heima á Íslandi verðum að sjá það sem ágætis mælikvarða á aðstæður fólks á þessum stríðshrjáu svæðum.“

# Þegar þú teflir í klukkutíma notarðu jafn mikla orku og skákklukka þarf til að ganga í næstum 100 ár

Það er kraftur í þér. Gagnvirk orkusýning Landsvirkjunar við Ljósafoss varpar ljósi á orkuna sem býr í öllum hlutum.

Ljósafossstöð er í um 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Verið velkomin.

Opið 10–17 alla daga.

Leiðarlýsingar á [landsvirkjun.is/heimsoknir](http://landsvirkjun.is/heimsoknir)





„Ég skila nokkrum peysum í Álafoss á mánuði, maður verður eitthvað að gera,“ segir Guðrún sem skartar einni úr eigin smiðju. Fréttablaðið/GVA

Gunnþóra  
Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



Það kemur sér vel að ljósmyndarinn er kunnugur í Mosfellsbæ þegar við leitum að húsinu hennar Guðrúnar Hafsteinsdóttur. Í það grillir ekki fyrr en komið er í hlað, svo er skógurinn kringum það þéttur. Guðrún er 87 ára, snaggarleg í hreyfingum og heilsar með hlýlegu brosi. Við byrjum á að ganga um landið sem hún og maður hennar, Páll Aðalsteinson, kennari og skólastjóri, breyttu úr hrjóstrugum mel í myndarlegan trjáland. „Hér var bara urð og grjót,“ segir hún, nú er eftirt að sjá þennan gróskulega garð fyrir sér þannig. Páll lést fyrir tæpum þremur árum en afkomendurnir halda reitnum við með henni.

Gróðurhús er fullt af jarðarberja-plöntum sem hafa skilað sínu þetta árið. Utan við eru tré í uppeldi. Í bakaleiðinni vekur vöxtulegur hlynur við eina hlið íbúðarhússins athygli og við innkeyrsluna stendur reynir sem Guðrún segir hafa verið örlátan á frá til sáningar.

En Guðrún hefur ekki bara sinnt ræktun í eigin garði heldur víða í landi bæjarins með Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar, þar gegndi hún formennsku í tuttugu ár og er heiðursfélagi þess. Meltúnsreitir, sem hún átti þátt í að yrkja, verður opnaður sem almenningsgarður í dag, 29. ágúst, á bæjarhátíðinni í túninu heima.

#### Átta börn á ellefu árum

Æskuheimili Guðrúnar var á Njálstöðum, milli Blönduóss og Skagastrandar. Hún sýnir mér mynd af bænum, með Laxá í forgrunni, sem hangir yfir stofusófanum og nú fæ ég að vita meira um líf hennar og störf. Hún fór í Reykholtsskóla sem unglingur og síðan í Kvinnaskólann á Blönduósi. Eftir ár á saumastofu í Reykjavík lá leiðin í Kennaraskólann. Þar sótti hún sér ekki aðeins menntun heldur fann líka mannsefnið. „Við

Hjá hinni 87 ára **Guðrúnu Hafsteinsdóttur**, kennara í Mosfellsbæ, vinna hugur og hönd vel saman. Hún hefur ræktað tré upp af fræjum í áratugi og rekur enn plöntusölu. Heimili hennar er prýtt hannyrðum og hún prjónar nokkrar ullarpeysur á mánuði.

# Hér var bara urð og grjót

Páll vorum skólasystkini,“ segir hún og brosir. Eftir að hafa kennt í Reykjavík einn vetur og eignast fyrsta barnið fór hún með honum vestur á Reykjanes við Ísafjarðardjúp, þar varð hann skólastjóri og hún kennari árið 1952. „Á Reykjanesi var barnaskóli og verknamsskóli fyrir unglunga, líklega með þeim fyrstu á landinu. Ég greip í að kenna við barnaskólann en aðallega kenndi ég unglingsstúlkunum handavinnu. Drengirnir lærðu smíðar, bókband og vélfræði, síðar kom líka bóknaamsdeild,“ lýsir Guðrún.

Enginn vegur var að Reykjanesi fyrstu tvö ár þeirra hjóna fyrir vestan en Páll nýtti tækifærið þegar jarðýta kom með pramma til vegagerðar og lét gera flugvöll á nesinu í öryggis-

skyni. „Páli fannst áhætta að vera með hundrað manna skóla um hávetur og ekkert nema sjóleiðina til að koma fólki til læknis ef með þyrfti. Það var þriggja tíma stím til Ísafjarðar,“ segir Guðrún. „Völlurinn kom sér vel, stundum þurfti að fá Björn Pálsson sjúkraflygmann þangað í hvelli.“

Guðrún eignaðist átta börn á ellefu árum, flest heima á Reykjanesi. Það var því fjór á heimilinu. Ég hafði stúlku til að hjálpa mér, enda var ég við kennslu sjálf,“ lýsir Guðrún. Á sumrin lögðu margir leið sína að Reykjanesi eftir að vegurinn kom. „Það mátti alltaf búast við gestum í mat og kaffi. Fáum dögum eftir að Björk dóttir mín fæddist kom 17 manna hópur,“ rifjar hún upp og segir alltaf hafa verið nóg að gera. Þó að sumarfrí hafi verið í skólanum. „Við fórum til dæmis á fjöll að birgja okkur upp af fjallagrösom og berjum í saft og sultur.“

**Brautskráðist úr HÍ með 7. barninu** Árin fyrir vestan urðu fjórtán. Síðan fluttu þau hjón í Mosfellsbæinn, hófu störf við Varmáskóla og byggðu húsið sem við sitjum í að spjalli.

Það er sama hvert lítið er á heimilinu, hvarvetna blasa handarverk húsfreyjunnar við; vefnaður, prjón, hekl og útsaumur með aðskiljanlegustu sporum. Hún kveðst líka hafa prjónað og saumað allt á krakkana þegar þau voru að sjá úr grasi. „Stelpurnar völdu sér stundum kjóla í tiskublöðunum fyrir árshátíðir í menntaskólunum og ég settist við saumavélina,“ segir hún glaðlega. Enn er hún að, því hún prjónar lopapeysur af kappi. „Ég skila nokkrum peysum í Álafoss á mánuði, maður verður eitthvað að gera,“ segir hún. „Ég er nefnilega farin að sjá svolitíð illa til að lesa og sjónvarpsins nýt ég ekki nema sitja alveg upp við tækið.“ Áttablaðarósa-myntur og úrtökur á peysunum vefjast þó ekki fyrir henni, þrátt fyrir sjóndepurðina, prjónafærna virðist hún hafa í fingurgómunum.

Tölvutækni tileinkaði Guðrún sér snemma. „Ég fór í nám á miðjum aldri og þar voru svo mikil verkefnaskil, sérstaklega í háskólanum,“ nefnir hún sem skýringu og heldur

áfram. „Svo einn daginn kom sonur minn, Gunnar Páll, með tölvu og skellti hér á borðið. Gunnar Páll er næstingstur barnanna en við vorum dálítið samferða í námi, útskrifuðumst saman sem stúdentar úr MH, hann úr dagdeild en ég úr öldungadeild, þá 54 ára. Við brautskráðumst líka úr háskólanum saman, hann úr viðskiptafræðinni og ég úr íslensku og íslenskum bókmenntum, þar kláradi ég cand.mag.“ Hún kveðst alltaf hafa kennt handmennt í Varmáskóla með náminu og líka að því loknu þegar hún hóf að vinna við Orðabók háskólans. „Svo var þetta svo mikið span að ég hætti í orðabókinni og hélt mig við kennsluna og gróðurinn.“

#### Bjó til ættfræðibækur

Guðrún vann við Varmáskóla til sjötugs, samtals í 32 ár, þá byrjaði hún að grúka í ættunum sínum. „Það skapaðist svo mikið tómarúm þegar ég hætti að vinna,“ útskýrir hún. Afraksturinn er þrjár glæsilegar bækur með aragrúa mynda, tvær um Jóelsætt, útgefnar 2002, og ein um Nýpukotsætt, 2011. „En nú er sjónin orðin svo biluð að ég fer ekki meira í tölvuna,“ segir Guðrún og kveðst víst ekki geta kvartað þótt eitthvað gefi sig. Hún sækir kvenfélagsfundir og taki þátt í félagsskap eldri borgara, svo sem gönguferðum, tvisvar til þrisvar í viku og samverustundum sem nefnast Gaman saman. Einnig sé hún í leshópi hjá félagi aldraðra og fornsgnanámskeiðum hjá Bjarka Bjarnasyni, þar bjargi hljóðbækurnar henni. „Síðasta vetur tókum við Grettis sögu fyrir og fórum á söguslóðir fyrir norðan að lestrinum loknum.“

Guðrún segist alltaf hafa verið heilsuhraust og einkar heppin með börnin. „Börnin voru dugleg í skóla og eru öll vel menntuð og í góðum störfum,“ segir hún ánægjulega.


Ljóst er að þessi kona hefur afkastad miklu um ævina og er hvergi nærri hætt. Áður en ég kveð spyr ég hvort hún sé árrisul. Hún svarar kankvís: „Ég vakna snemma en er svo löt að ég nenni ekki á fætur fyrr en um niúleytið.“



**GUNNAR PÁLL ER NÆSTYNGSTUR BARNANNA EN VIÐ VORUM DÁLÍTIÐ SAMFERÐA Í NÁMI, ÚTSKRIFUÐUMST SAMAN SEM STÚDENTAR ÚR MH, HANN ÚR DAGDEILD EN ÉG ÚR ÖLDUNGAEILD, ÞÁ 54 ÁRA. VIÐ BRAUTSKRÁÐUMST LÍKA ÚR HÁSKÓLANUM SAMAN.**



**BONUS BONUS BONUS BONUS**



**Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus**

# Kaliforníu VÍNBER

**KLEINUHRINGIR BÓNUS**



**259**  
kr. 2 stk.

BÓNUS Nýbakaðair kleinuhringir  
Súkkulaði & karamellu 2 stk.

**BÓNUS SÚKKULAÐITERTAN 1kg.**



**1198**  
kr. 1 kg.

BÓNUS Súkkulaðitertan 1 kg.



**1595**  
kr. 900g.

EUROSHOPPER Frosnar kjúklingabringur 900g



**398**  
kr. 100g

Opera d'Italia hráskinka 100g



**579**  
kr. 10 stk.

BÓNUS Vistvæn egg 10 stk./ 675g

**NÝ BAKAÐ**



**259**  
kr. 4 stk.

BÓNUS Nýbakaðar  
mjúkar kringlur 4 stk.



**298**  
kr. 4 stk.

BÓNUS Nýbakaðar  
kjallarabollur m/osti 4 st



**895**  
kr. kg

**NÝ UPPSKERA**



**895**  
kr. kg



**539**  
kr. 2x140g

ÍSLANDSNAUT Ferskir  
Ungnautahamborgarar 2x140g



**2998**  
kr. kg.

ÍSLANDSNAUT Ungnauta Piparsteik



**3998**  
kr. kg.

ÍSLANDSNAUT Ungnauta Fillet



**3998**  
kr. kg.

ÍSLANDSNAUT Ungnauta Ribey



**BONUS EKKERT BRUÐL**

Verð í þessari auglýsingu  
Gilda til a.m.k. 30. ágúst

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •



# Allir eiga sér sína sögu

**Rúnar Guðbrandsson** segir það hafa verið gefandi vinnu að setja upp leikrit með utangarðsfólki. Hann vonast til þess að hægt verði að starfrækja Heimilislausa leikhúsið áfram enda sé mikill áhugi og þörf fyrir það.

Viktoría  
Hermannsdóttir  
viktoría@frettabladid.is



**V**ið vissum að í þessum hóp var fullt af hæfileikafólki. Hugmyndin var fyrst og fremst sú að skapa farveg fyrir þessar raddir," segir Rúnar Guðbrandsson leikstjóri sem ásamt Ilmi Kristjánsdóttur stofnaði Heimilislausa leikhúsið Ethos sem setti upp sýninguna Verð að heiman í dag, á Menningarnótt. Sýningin var fjölbreytt samstæða ýmissa listforma, farið var með ljóð, sungið, leikið og dansað.

Leikararnir eiga það allir sameiginlegt að vera utangarðs í samfélaginu, heimilislausir, hælisleitendur, flóttafólk, sumir hafa glímt við áfengisvandamál, geðsjúkdóma eða langtímaatvinnuleysi. Hugmyndin að leikhúsinu kviknaði í vor en bæði hafa þau Rúnar og Ilmur lengi haft áhuga á því að vinna að list með utangarðshópum í samfélaginu.

## Vinna gegn fordómum

„Við ákváðum bara að kyla á þetta og sjá hvort þetta myndi ganga hér á Íslandi," segir Rúnar. Viðbrögðin voru góð og fjölmargir vildu taka þátt. Og ekki skorti hugmyndirnar. „Þetta eru raddir sem kannski heyrast ekki alla jafna. Okkur langaði bara að búa til leikhóp fyrir þetta fólk. Þarna er fullt af hæfileikum og það er búið að vera alveg frábært að vinna þetta," segir hann. Þátttakendurnir komu sjálfir með hugmyndir að því hvað þeir vildu gera í sýningunni. „Það lögðu allir sitt í púkið og svo var valið úr. Í hópnum eru miklir hæfileikar og við hefðum getað gert miklu meira. Það er til dæmis einn í hópnum sem er mikill myndlistarmaður og við höfðum hugsað okkur að blanda myndlistinni inn á einhvern hátt en það var bara ekki tími til þess. Sumir áttu ljóð eða texta sem voru mjög góðir. Við völdum bara úr en það var miklu meira efni þarna," segir hann.

Fæstir sem tóku þátt höfðu komið fram áður og flestir eru í þannig stöðu að eiga kannski ekki auðvelt með að finna vettvang fyrir listsköpun sína. Rúnar segist hafa lært margt um stöðu þessara jadarhópa á vinnunni í sumar.

„Það er líka kannski svolítið hugmyndin með þessu, að vinna gegn fordómum. Þú sérð eitthvert fólk og stimplar það. En allir hafa einhverja sögu og það eru ástæður fyrir öllu. Það er fegurðin sem býr í öllu fólk að einhverju leyti og allir hafa eitt-hvað fram að færa."

## Gefandi á alla kanta

Rúnar segir það hafa verið gefandi á alla kanta að taka þátt í þessari vinnu. Þó að mörg úrræði séu fyrir þennan hóp þá vanti oft upp á eitthvað til að næra andlegu hliðina. Að fólk hafi eitt-hvað fyrir stafni og geti gefið af sér. Það hafi þó aldrei verið ætlunin að bjarga neinum og ekki gengið út frá því.



Rúnar segir vinnuna við leikhúsið hafa verið gefandi á alla kanta og vonast til að verði áframhald á starfinu. Fréttablaðið/Ernir

## Davíð Ingi og Herbert tóku þátt í sýningunni



### Góð upplifun að taka þátt

„Þetta var góð upplifun og gaman að geta gefið af sér," segir Davíð Ingi sem tók þátt í sýningunni. Davíð hefur verið á götunni meira og minna frá 18 ára aldri. Hann er núna 39 ára, hefur verið edru í nokkra mánuði, kom úr fangelsi fyrir nokkrum mánuðum og býr á áfangaheimili. Davíð spilaði frumsamið lag og fór með gamanmál á sýningunni. Hann segir æfingarnar hafa gengið vel og að það hafi verið gaman að sýna á Menningarnótt þótt hann hafi verið nokkuð orkulaus eftir æfingarnar og stríðið við að reyna að koma sér á beinu brautina. Hann segir það vera erfitt þar sem lítið sé af úrræðum sé fyrir þá sem eru nýkomnir úr fangelsi líkt og hann. „Maður rekst á veggj alls staðar."



### Líf í æðarnar

„Ég fékk alveg líf í æðarnar út af þessu," segir Herbert Marínósson sem tók þátt í sýningunni. Hann hefur verið á götunni meira og minna í átta ár en Herbert er 73 ára gamall og segist enga heilsu hafa til þess að vera á götunni. Hann sefur í Gistiskýlinu en hefst við í miðbænum yfir daginn. „Það var fyrir röð tilviljana að ég datt inn í þetta."

Hann las upp ljóð á sýningunni. „Það kemur frá kórnum, ég hef svo þjálfaða rödd," segir Herbert sem hefur sungið í heilmörgum kórnum í gegnum tíðina. Hann segir samstarfið í hópnum hafa gengið alveg þrýðilega og að það hafi verið skemmtilegt að hafa eitthvað fyrir stafni yfir daginn. „Þetta var ekki mikið æfingátímabil en það var aðallega það að ég þurfti að hafa polinmæði til að hlusta á aðra," segir Herbert.

„Margt af þessu fólk hefur verið mjög einangrad lengi. Bara það að koma og hitta fólk og finna tilgang skiptir máli. Það sem þau eiga kannski að mestu sameiginlegt, þótt þau séu ólík um margt er að þau hafa tíma. Með þessu geta þau gefið tímanum gildi, verið að vinna að einhverju. Það er mjög gefandi að vinna á skapandi hátt og búa eitthvað til," segir hann og heldur áfram.

„Það er líka mikilvægt fyrir margt fólk í þessari stöðu að stiga það skref að fara að gefa, að vera ekki alltaf í hlutverki þiggjandans eða eins og við sjáum það utan frá. Þetta er fólk sem hefur fullt að gefa líka."

## Miklir fordómar

Í hópnum er meðal annars að finna útgangsmanninn Herbert sem hefur verið á götunni í átta ár. Hann er 73 ára en yngsti þátttakandinn er um tvítugt. Þarna komu því saman allir aldurshópar.

Æfingátímabilið gekk vel þó að á ýmsu hafi gengið. Sumir komu og fóru en kjarnahópurinn hélst nánast allan tímann og það var hópurinn sem sýndi tvær sýningar fyrir fullu húsi í samkomusál Hjálpræðishersins á Menningarnótt.



**ÞETTA ERU RADDIR SEM KANNSKI HEYRAST EKKI ALLA JAFNA. OKKUR LANGAÐI BARA AÐ BÚA TIL LEIKHÓP FYRIR ÞETTA FÓLK.**

Röðin inn á sýningarnar náði langt út á Austurvöll og færri komust að en vildu.

Rúnar segir mikla fordóma ríkja í samfélaginu gagnvart þessum jadarhópum. „Ég held að það þurfi að hugsa öll þessi mál svolítið upp á nýtt. Alkóhólismi og fíkn eru heilsufarsleg vandamál en það eru ofboðslegir fordómar gagnvart þessu öllu. Líka geðsjúkdómum, langtímaatvinnuleysi og þessu öllu. Fordómaveggurinn er mjög erfiður. Það er alltaf ástæða fyrir því að fólk lendir í þessari stöðu. Öll erum við manneskjur og það var kannski svolítið flóturinn sem við vildum að kæmi í gegn með þessari sýningu. Hvað þetta fólk hefur að segja og hvað það hefur fram að færa. Það þarf viðhorfsbreytingu varðandi þessi mál."

## Vonast til að halda áfram

Rúnar segist vonast til þess að hægt verði að starfrækja leikhúsið áfram í einhverri mynd. Það sé mikill áhugi á meðal leikaranna en líka almennings en færri komust að en vildu á sýningarnar á Menningarnótt.

„Okkur langar mjög mikið til að halda þessu áfram og það er greinilega mikil þörf fyrir það. Það er mikill áhugi í þessum hóp fyrir að gera meira. Það þarf þá einhvern veginn að finna því farveg, það er ekki endalaust hægt að vinna við engin skilyrði. Við unnum þetta þannig séð bara í sumar í sjálfboda-vinnu launalaust. Hjálpræðisherinn reyndist okkur mjög vel í sambandi við húsnæði. En næsta skref væri kannski að reyna að finna þessu einhvern farveg og byggja upp einhvern strúktúr í kringum þetta. Við vonum að við getum haldið þessu áfram."



Lúðrasveitin  
Svanur

Sirkus  
Íslands

Dunkin  
Donuts

Popp og  
Candyfloss

Afmælis-  
tilboð

# AFMÆLIS HÁTÍÐ

Í DAG LAUGARDAG FRÁ 12 TIL MIÐNÆTTIS Í HALLARMÚLA 2

Gjafabréf  
100.000

STAR WARS

DUNKIN' DONUTS

AFMÆLISHÁTÍÐ  
9 ára  
TÖLVUTEKS

SKRÁÐU ÞIG  
Á FACEBOOK  
EVENTIÐ OKKAR OG ÞÚ  
GÆTIR UNNIÐ 100.000  
KR. GJAFABRÉF  
OG FJÖLDA ANNARRA  
VINNINGA

Dunkin' Donuts  
OG AFMÆLISTILBOÐ

TÖLVUTEK AKUREYRI  
LAUGARDAG  
12-18

AFMÆLISHÁTÍÐ

Í DAG LAUGARDAG  
29. ÁGÚST  
OPIÐ FRÁ 12 TIL  
MIÐNÆTTIS  
Í HALLARMÚLA



# TÖLVUTEK

STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS • HALLARMÚLA 2 • 108 REYKJAVÍK



# AFMÆLL

Í DAG LAUGARDAG FRÁ 12 TIL



**STJÖRNU  
TEPPI**

LÁTTU MYNDA ÞIG  
MEÐ SVARTHÖFÐA OG  
LILJU PRINSESSU

**FYRSTU  
50  
STAR WARS**

FYRSTU 50 VIÐSKIPTAVINIR DAGSINS  
FÁ MIÐA FYRIR TVO Á SÉRSTAKA  
FRUMSÝNINGU TÖLVUTEKS Á  
NÝJU STAR WARS MYNDINI  
Í DESEMBER

**LÜÐRASVEITIN  
SVANUR**

OPNAR HÁTÍÐINA  
MEÐ STAR WARS  
TÓNLEIKUM

ALLT AÐ

**50  
ÞÚSUND**

AFSLÁTTUR AF  
FARTÖLVUM VERÐ FRÁ

**39.900**

**1000**

**emmessis**

1000 STK ÍS FRÁ  
EMMESS Í BODI

**IPAD  
MINI**  
ÓTRÚLEGT TILBOÐ  
**39.900**  
VERÐ AÐUR 45.900

ÁDEINS  
**30  
STK**  
Í STÓKA MANTU

ALLT AÐ  
**50%**  
AFSLÁTTUR  
AF SILICON POWER  
MINNISLYKLUM

ALLT AÐ  
**20%**  
AFSLÁTTUR  
AF SP-JALDTÖLVUM FRÁ  
ACER OG LENOVO

ALLT AÐ  
**40%**  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM GIGABYTE  
MÓÐURBORDUM

ALLT AÐ  
**20%**  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM GIGABYTE  
SKJÁKORTUM

ALLT AÐ  
**50%**  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM TURN-  
KÖSSUM



Hallarmúla 2 Reykjavík





# PARKET

LAUGARDAGUR 29. ÁGÚST 2015

Kynningarblað Bauhaus, Húsasmiðjan og Birgisson.



Allt gólfefni í versluninni Bauhaus er til á lager og afgreitt strax en verslunin hefur stóraukið úrval sitt af parketi. „Við bjóðum frábært verð, hjá okkur er hægt að gera góð kaup,“ segir Kristján Erlendsson, deildarstjóri í gólfefnadeild Bauhaus. MYND/GVA

## Stóraukið úrval og frábært verð


Verslunin Bauhaus býður gott úrval gólfefna og bætti nýverið við fjölda tegunda af viðarparketi í hillurnar. Allt parket er fljótandi smelluparket sem auðvelt er að leggja. Þá er einnig gott úrval af harðparketi í versluninni og undirlagi af ýmsum gerðum.

Við bjóðum afar endingargott og slitsterkt viðarparket frá Parador, bæði plank- og stafaparket, á frábæru verði,“ segir Kristján Erlendsson, deildarstjóri í gólfefnadeild Bauhaus, en nýlega var úrvalið af parketi aukið verulega í versluninni.

„Við erum með 16 tegundir af stafa- og plankaparketi. Þykktin á parketinu er frá 11,5-15mm og með spónþykkt frá 2,5 mm upp í 3,8 mm. Þá erum við einnig með eina tegund af fiskibeinaparketi úr eik, sem er fljótandi. Fiskibeinaparket er yfirleitt límt niður og ég þekki ekki til þess að það fái stöðugt annars staðar en hér í Bauhaus. Því er einfaldlega smeltt saman á einfaldan máta,“ segir Kristján.

„Þetta eru allt nýjar tegundir hjá okkur. Við höfðum einungis verið með eik rustik stafaparket sem nýtur mikilla vinsælda en erum nú að bæta vel við úrvalið. Allt parket hjá okkur er fljótandi smelluparket sem auðvelt er að leggja. Allt gólfefni er til á lager hjá okkur og afgreitt strax. Við bjóðum frábært verð og hjá okkur er hægt að gera góð kaup. Viðarparketið hjá okkur er frá 3.995 krónum á fermetra.“

Í Bauhaus er einnig að finna gott úrval af harðparketi frá Logoclic sem Krist-



Allt parket í Bauhaus er fljótandi og smeltt. Meðal nýjunga í versluninni er fiskibeinaparket úr eik sem ekki er límt niður.

ján segir vinsælt gólfefni. Harðparketið fæst bæði sem plank- og stafaparket. Það fæst í þremur slitflokkum og einnig í mismunandi þykktum og sumar gerðir eru með áföstu undirlagi.

„Harðparketið er mjög slitsterkt gólfefni sem þægilegt er að leggja. Í hillunum hjá okkur eigum við einnig til



Verslunin Bauhaus býður 16 tegundir af viðarparketi frá Parador, stafa- og plankaparketi. Þá er einnig gott úrval af harðparketi og vinylparketi í versluninni.

úrval af hreinsiefnum sérstaklega fyrir harðparketið og einnig viðgerðarefni ef kvarnast upp úr fjöllum,“ segir Kristján. „Einnig eigum við til vinylparket sem kemur í fjöllum líkt og harðparketið. Þetta er 4-5 mm þykkur vinyll sem þolir nánast allt.“

„Huga þarf að undirlagi þegar leggja á

parket á gólf og hér í versluninni eigum við til fjölda tegunda af undirlagi, eftir því hvað við á, hljóðeinangrandi, með rakavörn og svo framvegis. Þá eigum við gólflista í miklu úrvali og á frábæru verði, frá 290 krónum lengdarmetrinn og einnig nokkrar gerðir samskeytalista til að tengja saman mismunandi gólfefni.“



Elk Cabin höfþorlæt frá Bolhento í planka stærðinni 189x1281x8mm.  
Högseða höfþorlæt með lakabört fösun og framúrskarandi áferð,  
með slíþpölli sem kemur verulaga á óvart. Bolhento er einn af virtustu  
framleiðendum heims á högseða höfþorlæti sem stænst tímann. Könn.





**Egill  
Amazon**

# GERÐU KRÖFUR

---

Óprunartímar: mánudaga - fimnidaga kl. 9-18 og laugardaga kl. 11-15





Krókhálsi 4  
110 Reykjavík

Sími 567 1010  
[www.parket.is](http://www.parket.is)

Opunartímar: mánudaga - föstudaga kl. 9-18  
og laugardaga kl. 11-15





Eik  
Impressive

Vatnshelt harðparket  
með Hydra Seal.

Meiri pressun í millikjarna og  
100% lokuð fösun á milli borða.

25 ára ábyrgð.

Allt að 10 sinnum meira  
rispuþol en áður.



HAREVIDARVAL



# Hvað á að gera við gamla parketið?

Talsverð vinna og rask fylgir því að skipta um gólfefni en að verki loknu hafa hífýlin gerbreyst til hins betra. Umfang þess gólfefnis sem rífið er af kemur oft á óvart. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði við förgun eða leita annarra leiða.

**T**alsverð vinna og rask fylgir því að skipta um gólfefni en að verki loknu hafa hífýlin gerbreyst til hins betra. Umfang þess gólfefnis sem rífið er af kemur oft á óvart. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði við förgun eða leita annarra leiða.

## Förgun:

Gegnheilt parket er hægt að fara með í Sorpu í Gufunesi. Þar kostar 4,37 krónur á kílóíð Plastparket kostar 15,50 krónur.

Gegnheila parketið er endurnýtt. Það er sent upp í málmblendiverksmiðjuna á Grundartanga sem timbur, þar sem það er notað sem kolefnisgjafi.

Plastparketið er ekki endurnýtt og er urðað.

Einnig er hægt að fara með parketið á næstu endurvinnslustöð og þá þarf að greiða 4.200 krónur fyrir rúmmetrann, hvort sem það er gegnheilt parket eða plastparket. Á endurvinnslustöðvarnar má þó einungis koma með tvo rúmmetra að hámarki.

## Endurnýtt í annað:

Oft er hluti gamla parketsins vel nýtlegur til dæmis í smærri rými eða í tímabundin verkefni. Leikhópar gætu nýtt notað parket í leikmyndir og þá gæti handlaginn smíðað úr því tréhús eða kofa fyrir krakkana.


## Selt og gefið:

Margir auglýsa gamla parketið til sölu á netinu. Með einfaldri leit fundust þó nokkrar auglýsingar á Bland.is um notað parket og var oftast beðið um tilboð. Í auglýsinguna ætti að setja inn nokkrar myndir af parketinu og upplýsingar um tegund, þykkt, aldur og ástand. Heiðarlegast er að taka fram ef parketið er mikið rispað og jafnvel birta myndir af skemmdum.

Þá er auðvitað hægt að gefa parketið og auglýsa það til dæmis á Facebook. Þá er nokkuð öruggt að losna hratt við það úr bílskúrnum. Það mætti jafnvel auglýsa það gefins gegn því að sá sem þiggur það sjái um að rífa það af gólfinu, vilji fólk spara sér vinnu.



Gamalt parket gæti vel nýst sem efniviður í trjáhús fyrir krakkana.



Gera þarf ráð fyrir kostnaði við förgun á gömlu parketi eða leita annarra leiða til að losna við það.

**hágæða**  
**PLANKAPARKET**  
*okkar eigin framleiðsla*

➤ ➤  
BEINT FRÁ VERKSMÍÐJU  
ENGIR MILLILIÐIR  
LÆGRA VERÐ



## Upphaflega aðeins fyrir þá ríku

Parket var fyrst notað sem gólfefni á íbúðarhúsnæði á seinni hluta sautjándu aldar í Frakklandi. Aðeins þeir allra ríkustu höfðu efni á að hafa gegnheila planku á gólfnum þar sem þeir voru handgerðir og mjög dýrir.

Á átjándu og níttjándu öld var gegnheilt plankaparket ansi massíft, tveggja og hálf s sentimetrar þykkt, að minnsta kosti 250 sentimetrar á lengd og rúmlega sex til átta sentimetrar breitt. Sumir plankarnir voru helmingi lengri. Þeir þurftu að vera massífir vegna þess að ekkert undirgólf var notað.

Eftir að rafknúin tæki til að þússa parket komu til sögunnar eftir 1920 var hægt að gera harðviðargólfni jafnari og betur slípuð. Fyrir þann tíma voru gólfni þússuð þannig að sköfublöð voru dregin eftir þeim.

Á fimmta áratugnum krafðist parketlagning mikillar vinnu. Fagmenn þurftu til að leggja það, þússa og svo þurfti að setja á það tvær umferðir af límfni og vaxi (sem notað var þar til á sjötta áratugnum þar til skipt var yfir í lakk og pólýúretan). Einnig þurfti að vaxbera parketgólfni vikulega.

Á sjöunda áratugnum fækkaði parketlögðum gólfum til muna í Bandaríkjunum þegar heimiliseigendum var heimilað að leggja teppi á gólfni í nýkeyptum húsum sínum og kostnaðurinn við það varð hluti af húsnæðislánum þeirra. Bæði eigendur og verktakar sneru frá því að nota dýr og vinnufrek harðviðargólfefni og sneru sér að notkun ódýrra teppa sem voru mun auðveldari í ásetningu. Þetta var meginástæða hnignunar parketgeirans þar í landi sem varði allt þar til um miðjan níunda áratuginn.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## KENNIR Á YOUTUBE

Tónlistarmaðurinn Jón Hilmar Kárason var nýlega með ókeypis gítarkennslu fyrir byrjendur á YouTube og heldur auk þess reglulega hljómsveitaræfingar fyrir krakka.

Síða 4

## NÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST



WWW.GLIT.IS  
GLIT@GLIT.IS

GLERBRÆÐSLA 8 SEPT  
LEIRMÓTUN 15. SEPT  
TIFFANY'S GLERSK 22. SEPT  
LEIR FRAMHALD 28. SEPT  
SKARTGRIPAGERÐ 30. SEPT  
SJÁ NÁNAR Á WWW.GLIT.IS OG FACEBOOK



**GLIT**

Glit ehf. Krókhálsi 6,  
110 Rvk. sími 587 5411



**FJÓLHÆFUR** Andri Ólafsson tónlistamaður er með mörg járn í eldinum. Hljómsveit hans, Moses Hightower, verður með tvöna tónleika í næstu viku auk þess sem Secret Swing Society gefur út plötu fyrir jólin. Þá ætlar hann að opna kaffihús eftir áramótin.

MYND/GVA

## OPNAR KAFFIHÚS EN DREKKUR EKKI KAFFI

**ÖNNUM KAFINN** Andri Ólafsson tónlistarmaður hefur í mörgu að snúast. Stífar æfingar Moses Hightower og söfnun á Karolina Fund fyrir plötuútgáfu Secret Swing Society. Þá stefnir hann á að opna kaffihús í Laugardalnum.

Við hjónin og litli bróðir minn stefnum að því að opna kaffihús í Laugardalnum. Ef allt gengur að óskum gætum við opnað í febrúar. Okkur og mörgum öðrum finnst sárlega vanta heimilislegt kaffihús á þetta svæði," segir tónlistarmaðurinn Andri Ólafsson þegar hann er spurður fréttu.

Andri syngur og leikur á bassa í hljómsveitinni Moses Hightower og er betur þekktur á tónlistarsenunni en í veitingabransanum. Hefur hann eitt-hvert vit á kaffi?

„Nei, það er nú eiginlega frekar fyndið að hvorugur okkar bræðra drekkur kaffi af neinu viti," segir Andri sposkur. „Ég ábyrgist samt að við espresso-

vélina yrðu eingöngu toppmanneskjur, eðalkruðerí á boðstólum og ýmsir góðir drykkir. Við höfum gengið lengi með hugmyndir í þessa átt í maganum, og nú þegar hentugt húsnæði býðst langar okkur að grípa gæsina," segir hann og er ekki á honum að heyra að verkefnið vaxi honum mikið í augum.

„Við sjáum allavega ekki fram á verkefnaskort, hjónin. Konan mín er grafískur hönnuður á Íslensku auglýsingastofunni og saman eigum við dóttur á öðru ári. Sjálfur hef ég sveigjanlegan vinnutíma og get aðlagð tímann þörfum dótturinnar. En ef kaffihúsareksturinn bætist við verður sjálfsagt allt á haus næstu misserin, og heimilislífið yrði líklega stillt á „survival mode“ í einhvern tíma. En við

**D** - Vitamin

- Spreyjað undir tungu
- Engar töflur til að kyngja
- Einfalt og braðgott

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum

Allt það besta hjá 365

**ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.**

Færðu farsímann yfir til 365 og ráðu frábert sjónvarpsefni á fánlega góðu verði.

\*Skiptir fyrtráskráðandi í 18 bólagildum 24G

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

Láttu verðið koma þér á óvart

„Beetroot hefur gefið mér aukna orku í íþróttum og losað mig við hand- og fótuldann!“

Kristbjörg Jónsdóttir  
Zumba kennari og hlaupari

GMP vottað hráefni

**Rauðrófu „extrakt“**  
- í hylkjum -

Vissir þú að:  
Rannsóknir hafa sýnt að neysla á rauðrófu getur bætt blóðflæðið og haft góð áhrif á blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- og æðakerfi.

Útsölastaðir: flest apótek, heilsubúðir og verslanir

www.gengurvel.is



# Sólgæti



HEILNÆMT OG  
NÁTTÚRULEGT

## LJÓMANDI GOTT



Vörurnar frá Sólgæti eru hollar og góðar fyrir sælkeri á öllum aldri sem vilja gera vel við sig. Líttu í kringum þig í næstu verslun. Þú kemur eflaust auga á eitthvað ljómandi gott.



heilsa.is

solgaeti.is

## FÓLK |

► fórum út í þetta algerlega samstiga og kaffihúsið yrði staðsett í götunni okkar, þetta gæti ekki verið þægilegra," segir Andri.

### TÓNLEIKAR FRAM UNÐAN OG NÝJAR PLÖTUR

Tónlistin leikur þó enn sem komið er stærsta hlutverkið í daglegu lífi Andra. Hljómsveit hans, Moses Hightower, æfir stíft þessa dagana fyrir tónleika sem fram undan eru í september, fimmtudaginn 3. september á Húrra og þann 4. á Græna hattinum, og á Karolina Fund hefur hann sett í gang sófnun fyrir plötuútgáfu annarrar hljómsveitar sem hann spilar í, hinni fjölbjóðlegu Secret Swing Society.

„Við í Secret Swing Society tókum upp plötu í febrúar með að meirihluta frumsömdu efni og einu lagi á íslensku, Glans, sem Björgvin Halldórsson syngur og er búið að vera í spilun í útvarpi. Fyrr í vikunni ýttum við af stað sófnun á Karolina Fund fyrir útgáfu plötunnar, og hún kemur vonandi út fyrir jólin. Núna um helgina gröfum við félagarnir í Moses Hightower okkur niður í Orgelsmiðjunni að vinna í okkar plötu. Við erum að klára nokkur lög, en það er þó næg vinna eftir enn. Þetta er langhlaup hjá okkur þar sem meðlimir hljómsveitarinnar eru ekki allir búsettir á landinu, og við verðum fram á næsta ár að klára plötuna. Steini er heima núna í frí frá Of Monsters and Men túr og við reynum að nýta tímann vel meðan hann er heima. Þeir eru samt að verða alveg brjáláðir á mér því ég er með hugann við kaffihúsið allan daginn," segir Andri.

### BAKRÖDD HJÁ STUÐMÖNNUM

Andri lærði á klarínett og píanó sem barn og segist alltaf hafa verið á kafi í tónlist. Á menntaskólaárunum færðist meiri alvara í leikinn, hann söng í Hamrahlíðarkórnum, leiddist út í bassaleik gegnum djassspilamennsku kórfélaga sinna og fáum árum síðar varð Moses Hightower til. Bassinn er hans aðalhljóðfæri en hann stundaði tónlistarnám úti í Amsterdam í fjögur ár, þar sem hann lærði á kontra-bassa.

„Ég vinn við tónlist alla daga og fyrir utan Moses og Secret Swing hef ég verið að spila alls konar lausaleiksgigg með hinum og þessum. Núna síðast tók ég, merkilegt nokk, mitt fyrsta bakraddagigg með Stuðmönnum á tónleikum í Eldborg og aftur á Menningarnótt. Það var skemmtilegt. Ég gef mig ekki sérstaklega út fyrir að vera bakraddasöngvari en það er hægt að plata mig út í ýmislegt," segir Andri.

Áttu þér uppáhaldstónlistarmann?

„Í raun ekki, þetta er ekki svo einfalt mál. Ég hlusta á alls konar tónlist og sumt af því sem ég hlusta á heyrst í tónlistinni sem ég tek þátt í að skapa í dag en annað ekki. Núna hlusta ég helst á dóttur mína syngja. Ég reyni að ala hana upp á trefjaríkrri tónlist.“

### FLUÐI FJÓSALYKTINA

Andri er Rangæingur, ólst upp á kúabúi



Á KAFI Í TÓNLIST Andri lærði á kontrabassa í fjögur ár úti í Amsterdam og bassinn er hans aðalhljóðfæri. Hann spreytti sig á bakraddasöng með Stuðmönnum á Menningarnótt. MYND/GVA

í Austur-Landeyjum ásamt þremur bræðrum og gekk í skóla á Hvolsvelli. Hann yfirgaf þó sveitina snemma og flutti til Reykjavíkur.

„Ég flutti í bæinn 14 ára og hef verið þar síðan. Móðir mín er enn þá kúabóndi, núna á Skeiðunum, og ég fer reglulega í sveitina. Það er þó of djúpt í árinna tekið að kalla mig sveitamann. Bústörf eiga ekkert sérstaklega vel við mig og það var alveg ástæða fyrir því að ég flutti til Reykjavíkur," segir hann og hlær. „Það er frábært að hafa aðgang að sveitinni til að slaka á. En ég er voða feginn að þurfa ekki að vera skítugur upp að öxlum úti í fjósi. En ég mun vissulega vinna áfram með mjólkurafurðir, á kaffihúsinu.“

■ heida@365.is

## BORGAR-BARN

„Bústörf eiga ekkert sérstaklega vel við mig og það var alveg ástæða fyrir því að ég flutti til Reykjavíkur.“

### LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skammtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna sér Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

- Flest státtarfélag styrkja nemendur til náms.
- Namendur gata að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samskipti, leiðsögunáttakni, hestaþ, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, manningartengd ferðþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingarferir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaukvarnir leiðsögumenn og sérfræðingar hvar á sínu sviði. Boðið er uppá dag- og kvöldnáms, auk þess er ferðir í fjölda veitvangsferða.

Umögn:

S.L.vefur sundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið sýð vel undir væningum þar sem fjölmargir kennarar komu að lærnslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsgreininu og ekki stæ að veita mig til umhugsunar um þá auðveldi sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sjna því. Kennararnir voru mjög fasinir og trúðir hvar á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma einu til skás. Námið gætur mikla ávinnunngögulaika og spennandi tímar eru farnundan.

Guðrun Halga Bjarnaðóttir  
Vasmannaeyjum  
Opíð 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands  
Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Brýndís Hauksdóttir**,  
bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**,  
jonivar@365.is, s. 512 5429

við þú að...  
Óþökkunni þar sem þú  
hafa áhrif á börn.



# LÚS OG NIT DREPIN Í EINNI MEÐFERÐ

**LYFIS KYNNIR** Licener lúsasjampó drepur lús og nit í einni 10 mínútna meðferð á áhrifaríkan hátt og því þarf ekki að endurtaka meðferðina. Virkni Licener hefur verið staðfest í klínískum prófunum og hefur verið mjög góð reynsla af lúsasjampóinu á Íslandi undanfarin ár.

Á haustin þegar skólar og leikskólar byrja á ný eftir sumarleyfi fjölga lúsartilfellum mikið og fyrirsagnir fréttamiðlanna fara að bera keim af því. „Licener hefur verið í sölu á Íslandi síðan í byrjun árs 2013 og hefur það reynst mjög vel enda var það fyrsta lúsasjampóið hér á landi sem verkaði fljótt og örugglega í einni meðferð á einungis 10 mínútum,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS.

Notkun Licener er einföld en bera á sjampóið í þurr hárið og þess skal gætt að nota nægilega mikið magn til að metta hárið alveg. Sjampóið er látið bíða í hárinu í 10 mínútur og er svo skolað úr hárinu með volgu vatni. Licener skolast mjög auðveldlega úr hárinu og er óþarfi að nota venjulegt sjampó eftir meðferðina. Vandaður stálkambur fylgir hverri pakkningu sem gott er að nota til að fjarlægja dauða lús og nit úr hárinu eftir meðferðina.

**Licener fæst í öllum apótekum og eru góðar upplýsingar um Licener og lús að finna á upplýsingasíðu Licener [www.licener.com/is](http://www.licener.com/is)**



## KOSTIR LICENER

- Drepur bæði lús og nit
- Ein meðferð – þarf ekki að endurtaka
- Einungis 10 mínútur í hári
- Auðvelt að skola úr hári eftir meðferð
- Vandaður stálkambur fylgir með hverri pakkningu
- Inniheldur ekki skordýraeitur
- Er mild og nánast lyktarlaust



**STÁLKAMBUR** Vandaður stálkambur fylgir hverri pakkningu.



**SKOLAÐ ÚR** Mjög auðvelt er að skola Licener úr hári.

# SOREFIX VARASALVI VERKAR Á ÖLLUM STIGUM FRUNSU

**LYFIS KYNNIR** Sorefix varasalvi er ætlaður til að meðhöndla og koma í veg fyrir frunsu og má nota á öllum stigum frunsu. Sorefix hefur einnig fyrirbyggjandi verkun. Sorefix varasalvi fæst í apótekum, bæði í krukku og túpu.

Sorefix varasalvinn hefur fengið einstaklega góðar viðtökur og er fólk mjög ánægt með hversu fljótt hann virkar,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Sorefix varasalvinn þurrkar frunsuna upp fljótt og vel þrátt fyrir að frunsan sé komin vel á veg.“

Til að ná besta mögulega árangri skal bera varasalvann á 3-6 sinnum á dag. SoreFix varasalvann má einnig nota fyrir börn frá 4 ára aldri. SoreFix inniheldur efni sem hafa reynst virk við meðhöndlun á frunsu og við að koma í veg fyrir frunsu. Virkni SoreFix byggir á efnislegri UV-vörn og sinksamböndum sem varan inniheldur. SoreFix í túpu hefur auk þess viðbótarsólarvörn og er með háan sólarvarnarstuðul (SPF 30). Varasalvinn inniheldur ekki súlföt, frjáls polyethylen glycol, triethanolamin, diethanolamin, parabena eða önnur rotvarnarefni.

**Frekari upplýsingar má finna á [www.sorefix.com](http://www.sorefix.com) en þar er að finna ítarlegar upplýsingar um Sorefix varasalvann og einnig um frunsur.**



## SOREFIX FYRIRBYGGIR EINNIG FRUNSUR


**Lærðu að þekkja hvað það er sem framkallar frunsu hjá þér til að fyrirbyggja komu þeirra**

- Preyta
- Veiklað ónæmiskerfi
- Veikindi eins og kvef og hiti
- Kalt veðurfar
- Sterkt sólarljós
- Þurrar eða sprungnar varir
- Sár á vörum

- Álag
- Tíðablæðingar

Sorefix varasalvinn fæst bæði í krukku og túpu og hann er ætlaður fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri.

Sorefix varasalvinn verkar á öllum stigum frunsu.



**VIRKAR VEL** Sorefix varasalvinn verkar á öllum stigum frunsu.



# ALLIR GETA VERIÐ Í HLJÓMSVEIT

**FJÖLHÆFUR** Mörg járn eru í eldinum hjá tónlistarmanninum Jóni Hilmar Kárasyni. Hann var nýlega með ókeypis gítarkennslu fyrir byrjendur á YouTube. Auk þess heldur hann reglulega hljómsveitarnámskeið fyrir krakka og er sjálfur í hljómsveitinni Dútl.

Jón Hilmar Kárasyn tónlistarmaður var með óhefðbundna gítarkennslu fyrir byrjendur í vikunni en kennslan fór fram á YouTube. Hann veit ekki til þess að það hafi verið gert hér á landi áður en námskeiðið var þátttakendum að kostnaðarlausu. „Ég fékk þessa hugmynd um daginn, bjó til viðburð á Facebook og svo þróaðist þetta. Ég hef verið með fullt af hefðbundnari námskeiðum í gegnum tíðina, meðal annars gítarnámskeið fyrir fullorðna út um allt hér á Austurlandi þar sem ég var að þvælast á milli staða. Mér datt því í hug að ég myndi sleppa við þennan þvæling ef ég gerði þetta á netinu,“ segir Jón Hilmar.

## SMÁ STRESS Í BYRJUN

Rúmlega hundrað manns skráðu sig á póstlista námskeiðsins og fengu þeir gítarbók til að nota við kennsluna. Jón Hilmar segir þessa aðferð við gítarkennslu vera öðruvísi upplifun fyrir sig sem kennara og viðurkennir að hafa verið svolítið stressaður áður en námskeiðið byrjaði. „Ég vissi ekki hvernig þetta myndi ganga en svo kom þetta bara, ég datt í girinn þegar ég byrjaði. Þegar ég dett í kennslugírinn þá flæðir upp úr mér og þegar ég slökkti á myndavélinni eftir námskeiðið og hugsaði til baka þá mundi ég ekki nákvæmlega hvað ég sagði,“ segir hann og brosir. Hann veit þó að hann fór yfir það sem hann hefur hingað til verið að kenna byrjendum. „Ég reyndi að koma fólki af stað, kenndi þeim hefðbundin grip og gaf ráð um það hvernig á að vera í hljómsveit. Það geta nefnilega allir verið í hljómsveit ef þeir nenna að æfa sig á gítarinn.“

## ÁFRAMHALD Á NÁMSKEIÐUM

Viðbrögð við námskeiðinu voru mjög góð og hafa margir sett sig í samband við Jón Hilmar og hyggja á frekara nám hjá honum. „Það var þarna fullt af fólki sem tók upp gítarinn aftur eftir tuttugu ára hlé. Og fólk er ánægt með framsetningu námskeiðsins. Það er oft þannig í byrjendamyndböndum að farið er of geyst í hlutina. Kennarinn þarf að geta sett sig í spor byrjandans og það er kannski það erfiðasta við kennsluna.“

## ÓHEFÐBUNDNIR TÓNLEIKAR

„Allt-öðruvísi tónleikar“ storka hinu hefðbundna tónleikaformi sem við erum svo vön. Einn vinur minn sagði alltaf „fólk sér betur en það heyrir“ og það getur breytt upplifun okkar af tónlist og listviðburðum. Við dæmum nefnilega svo mikið með augunum. Á „Allt-öðruvísi“ tónleikum er bundið fyrir augun á gestum tónleikanna. Þessi óvenjulega nálgun gefur listamönnum frelsi til að koma tónleikagestum á óvart því engir fordómar lita upplifun þess sem ekki sér. Þá eru gestir bara í tónlistinni og lögunum.“

Gítarkennarinn hyggur á alls kyns námskeiðshald í vetur. „Ég hef sankað að mér ýmsu sem ég get kennt en það er spurning í hvaða farveg ég læt námskeiðin fara. Þeir sem eru á póstlistanum mínum koma alltaf til með að fá eitthvert efni. Svo bý ég eflaust til eitthvað stærra námskeið,“ segir hann.

## „ALLT-ÖÐRUVÍSI TÓNLEIKAR“

Jón Hilmar hefur verið lengi í tónlistarbransanum og hefur haft mörg járn í eldinum að undanfögnu. „Ég hef mikið verið í ballbransanum. Ég tók svo við skipulagningu Jazzhátíðar Egilsstaða nú í sumar af Árna Ísleifssyni en hátíðin er elsta jazzhátíð á landinu. Í sumar var ég líka í öðru mjög spennandi verkefni sem kallast „Allt-öðruvísi tónleikar“. „Allt-öðruvísi tónleikar“ storka hinu hefðbundna tónleikaformi sem við erum svo vön. Einn vinur minn sagði alltaf „fólk sér betur en það heyrir“ og það getur breytt upplifun okkar af tónlist og listviðburðum. Við dæmum nefnilega svo mikið með augunum. Á „Allt-öðruvísi tónleikum“ er bundið fyrir augun á gestum tónleikanna. Þessi óvenjulega nálgun gefur listamönnum frelsi til að koma tónleikagestum á óvart því engir fordómar lita



**KENNARI** Jón Hilmar kenndi rúmlega hundrað byrjendum á gítar í vikunni.

MYND/GUÐJÓN BIRGIR JÓHANNSON

upplifun þess sem ekki sér. Þá eru gestir bara í tónlistinni og lögunum. Þetta hefur komið vel út og er vaxandi verkefni sem ég er spenntur að sjá hvert fer. Þetta er ein af þessum hugmyndum sem er fyrir framan augun á öllum tónlistarmönnum en ekki allir kveikja á að framkvæma,“ segir Jón Hilmar.

## PLATA Í FÆÐINGU

Auk alls þessa hefur Jón Hilmar staðið

fyrir hljómsveitarnámskeiðum fyrir krakka á Austurlandi sem hann segir hafa verið mjög skemmtilegt. „Krakkarnir hafa komið fram með einhverjum þekktum tónlistarmanni að námskeiði loknu og til dæmis hafa Eyþór Ingi og Jóhanna Guðrún komið til okkar. Svo má ekki gleyma að ég er í hljómsveitinni Dútl og við erum að taka upp okkar fyrstu plötu,“ segir hann glaður í bragði.

■ liljabjork@365.is

# Öll kínvesk leikfimi

- Heilsu Qi Gong 5000 ára tækni
- Heilsuþættandi Tai chi
- Kung Fu fyrir 4 ára og eldri

Fyrir alla aldurshópa

Einkatímar og hópatímar

Opíð hús

Fullt af tilboðum í gangi

Finndu okkur á Facebook

Í samstafi við Kínverskan íþróttaháskóla
Skeifan 3j | Sími 553 8282 | [www.heilsudrekkinn.is](http://www.heilsudrekkinn.is)

Náttúrulegt

# Melatónin

ZenBev Triptófan úr graskersfræjum

Friðsælar nætur  
Streitulausir dagar

Betri og dýpri svefn  
Engin eftirköst eða ávanabinding

Visindaleg sönnun á virkni  
<http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/16053244>  
<http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/18066139>

Fæst í apótekum og heilsuþúðum

Upplýsingasími 896 6949 og [www.vitex.is](http://www.vitex.is)

# Betra blóðflæði

Betri heilsa

Íslensk vottun á virkni NO<sup>3</sup>

Sýni rannsóknarstofa Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Fæst í flestum apótekum og heilsuþúðum

Upplýsingar [WWW.SUPERBEETS.IS](http://WWW.SUPERBEETS.IS) vitex ehf · Upplýsingasími 896 6949



LOKADAGUR Í DAG LAUGARDAG  
ÚTSÖLULOK  
29. ÁGÚST

SÓFAR  
PÚÐARMOTTUR  
SÓFABORÐ  
SMÁVÖRUR  
STÓLAR



ALLT AÐ  
50% AFSLÁTTUR  
AF ÚTSÖLUVÖRUM

**LÍNAN**

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS  
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16



# Ert þú með réttindi?

Raunfærnimat getur hjálpað þér að ljúka iðnnámi

Haldinn verður kynningarfundur um raunfærnimat **2. september kl. 17.00** í húsaáskynnum **IDUNNAR** fræðilæseturs að Vatnagörðum 20.

Raunfærnimati er ætlað að meta þá færni og þekkingu sem þú hefur öðlast í starfi og getur mögulega stýtt námi þitt. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir standur til að útskrifast.

Innráðgjafakilyrði:

- 25 ára eða eldri
- 5 ára starfsreynsla

Nánari upplýsingar um fundinn má finna á heimasíðu okkar, [www.idan.is](http://www.idan.is) eða í síma 590 6400.

Allir velkomnir.



**IDAN**  
fræðilæsetur

Sími 590 6400  
[www.idan.is](http://www.idan.is)



HEIMTUR Á VIRNUMARKAÐI



Innritun og upplýsingar á [dansskoli.is](http://dansskoli.is) eða í síma 553 6645

- Salsa
- Break
- Zumba
- Hip Hop
- Freestyle
- Brúðarvals
- Barnadansar
- Samkvæmisdansar
- Sérnámsskeið fyrir hópa
- Börn - Unglingar - Fullorðnir



Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.



**DANSSKÓLI**  
Jóns Péturs og Kóru  
Dansfélag Reykjavíkur

Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar  
[www.dansskoli.is](http://www.dansskoli.is) | [dans@dansskoli.is](mailto:dans@dansskoli.is) | sími 553 6645



**LJÓSMYNDASAMKEPPNI** í tengslum við hátíðina er efnt til ljósmyndakeppni. Þemað er umhverfi og náttúra í sinni víðustu mynd og fær sigurvegarinn gjafabréf frá Hótel Glym að launum.

# LÍFLEGT Í HVALFIRÐI UM HELGINA

**DAGSKRÁ UM ALLA SVEIT** Hvalfjarðardagar hófust í gær og standa fram á sunnudag. Þeir hafa verið haldnir í nokkur ár en þetta er í annað sinn sem dagskráin spannar heila helgi. Dagarnir eru hugsaðir fyrir innansveitarmenn jafnt sem gesti sem vilja sjá og njóta þess sem fjórðurinn hefur upp á að bjóða.

Við leggjum áherslu á fjölbreytta dagskrá um alla sveit. Dagarnir hófust á framsögu í Safnahúsi Borgarfjarðar um sýninguna Glym mér ei sem var sett upp í Safnahúsinu til að minnast hundrað ára kosningaréttar og kjörgengis íslenskra kvenna. Við hefjum svo daginn í dag á Hvalfjarðarhlaupi. Það verður ræst klukkan tíu og verða farnar þrjár vegalengdir,“ upplýsir Heiður Hallfréðsdóttir sem hefur yfirumsjón með dögnum. „Þá mun Sjöbaðsfélag Akraness standa fyrir Helgusundi klukkan ellefu. Sundið er á sögslóðum Harðar sögu og Hólmverja þar sem Helga Haraldsdóttir synti 1.600 metra leið úr Geirshólma og í land í Helguvík.“

Á Þórisstöðum í Svínadal verður haldinn sveitamarkaður og hefur hann að sögn Heiðar aldrei verið stærri. „Þar mun Sigríður Lára Haraldsdóttir bjóða upp á fjölskylduþjónu klukkan hálf eitt, en hún mun jafnframt bjóða upp á útjónu í skógræktinni hjá Fannahlíð klukkan ellefu á sunnudag. Partíljón Írskra daga mun halda uppi stuðinu með spili og söng og geta börn fengið að fara á hestbak í boði hestamannafélagsins Dreyra milli tvö og fjögur. Á Þórisstöðum verður líka dráttarvélásýning svo eitthvað sé nefnt.“

Í Stjórnsýsluhúsinu á Innrimel í Mela hverfi verður bútasamsfélagið með sýnikennslu, sölu og sýningu á verkum. Í hlöðunni á Bjarneyjarsandi verða svo súpútonleikar undir yfirskriftinni Síðsumartónar og sveitarómanz. Þar munu María Jónsdóttir söngkona og Óskar Magnússon gítarleikari flytja ástarljóð ýmissa tónskálda frá liðnum tímum til okkar daga auk þess sem framreidd verður dýrindis uppskerusúpa með heimabökuðu brauði.

Á sunnudag verður ekki síður mikið um að vera en þá verður meðal annars opnuð sýning í Stjórnsýsluhúsinu á verkum nemenda á umhverfisskipulagsbraut Landbúnaðarháskóla Íslands. „Þau tóku fyrir nokkra staði í Hvalfjarðarsveit, rýndu í staðhætti og sérstöðu og bregða svo upp framtíðarsviðmyndum af völdum svæðum,“ upplýsir Heiður. Sýningin verður opnuð klukkan eitt en þá hefst jafnframt gönguferð undir leiðsögn Kristins Zimsen, landeiganda í Stóra-Botni. Gengið verður frá Stóra-Botnshlíð að fossinum Glym og má gera ráð fyrir um tveggja til þriggja tíma göngu. Þá býður Vatnaskógur heim milli 14 og 17 og sýnir stuttmyndina Áfram að markinu sem var gerð í tilefni af 90 ára afmæli Vatnaskógar. Þar verður líka boðið upp á bátalán, hoppukastala og gönguferð um staðinn.

„Við ljúkum svo hátíðinni með glæsilegri sýningu í Hallgrímskirkju í Saurbæ þar sem Steinunn Jóhannesdóttir, rit höfundur og leikkona, mun segja orlagsögu Hallgríms Péturssonar og Guðríðar



**LOKAHNYKKURINN** Örlagasaga Hallgríms og Guðríðar verður flutt í Hallgrímskirkju í Saurbæ klukkan 16.30 á sunnudag.



Simonardóttur. Hún mun koma inn á mikilvæg atriði í þroskaferli Hallgríms og tengsl þeirra hjóna við háa sem lága á 17. öld. Hún mun fjalla um ástir þeirra, örlög og skáldafrægd en Hallgrímur samdi sín bestu ljóð og sálma í Saurbæ.“ Heiður segir þetta einstakt tækifæri til að hlýða á sögu þeirra á heimaslóðum en aðgangur er ókeypis.

Aðspurð segir Heiður Hvalfjarðardaga komna til að vera. „Hátíðin fer bara vaxandi. Í upphafi var hún haldin að frumkvæði ferðaþjónustuaðila í sveitinni en síðustu ár hefur menningarmálanefnd Hvalfjarðarsveitar komið að skipulagningu hennar.“

Á sunnudeginum verður opið á hernámssetrinu á Hlöðum en þar verður jafnframt frítt í sund alla helgina. Meðal annarra dagskrárliða eru dýraskoðun, ljóðaupplestur, kökuhlaðborð og fleira. Allar nánari upplýsingar um dagskrána og tímasetningar má finna á [www.hvalfjardardagar.is](http://www.hvalfjardardagar.is).

**BÁTALÁN OG HOPPUKASTALAR**

Vatnaskógur býður heim milli 14 og 17 á sunnudag.



**HEIÐUR HALLFRÉÐSDÓTTIR**





Akraneskaupstaður

## Laust starf hjá Akraneskaupstað

Eftirfarandi starf er laust til umsóknar:  
• **Starf þroskaþjálfara í búsetuþjónustu.**

Sótt er um rafrænt á heimasíðu Akraneskaupstaðar á þar til gerðu eyðublaði.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.akranes.is](http://www.akranes.is)



## Sundlaugarvörður

Sjálfsbjargarheimilið óskar eftir að ráða sundlaugarvörð til starfa sem fyrst. Um er að ræða 100% starf.

Vinnutími frá 8-16 virka daga.

### Helstu verkefni:

Öryggisgæsla  
Eftirlit  
Skráning  
Prif og frágangur

### Menntun og hæfniskröfur:

Góð sundkunnátta skilyrði  
Hæfnispróf Umhverfisstofnunar æskilegt  
Góðir samskiptahæfileikar  
Þjónustulund  
Frumkvæði í starfi

Um er að ræða 100% stöðu.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu berist til Tryggva Friðjónssonar framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins á netfangið [tryggvi@sbh.is](mailto:tryggvi@sbh.is) fyrir **sunnudaginn 13. september 2015**.

Laun ráðast af kjarasamningum SFR – stéttarfélags í almannatjónustu við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Laun taka hækkun þegar viðkomandi hefur staðist hæfnispróf.

Sjálfsbjargarheimilið rekur sundlaug og fleiri starfsemiþætti í Sjálfsbjargarhúsinu að Hátúni 12, 105 R. Sjálfsbjargarheimilið hlaut útnefninguna Stofnun ársins 2014 og hafði þar áður verið valin fjórum sinnum sem fyriryndarstofnunun af SFR – stéttarfélagi í almannatjónustu, sjá tengil:

<http://sfr.is/kannanir-sfr/stofnun-arsins/stofnun-arsins-2014/>



**ÖSSUR.**  
LIFE WITHOUT LIMITATIONS

## PRODUCT DESIGNER Embedded Software

Össur is looking for an experienced individual to join a team of Product Designers in our R&D Division. The Product Designer for Embedded Software is responsible for creating software systems architecture(s) for medical devices and participates in their development, testing, documentation and maintenance as part of a multidisciplinary product development team. Moreover, the Product Designer for Embedded Software leads development, documentation and maintenance activities of embedded software/ firmware internal work processes to ensure compliance with applicable regulations and international standards.

### RESPONSIBILITIES:

- Define, establish and maintain internal work processes for medical device embedded software/firmware development, in line with international medical device regulations
- Define, document and implement software systems architecture based on product/system requirements
- Define, document and ensure proper execution of software test plans and/or test cases
- Contribute in product/system/module risk management activities
- Support selection, benchmarking and qualification of hardware processing platforms and architectures
- Define, document, and execute software tool validations

### QUALIFICATIONS:

- Master's (preferred)/Bachelor Degree in Computer Science, Computer Engineering or Electronics Engineering (preferred)
- Minimum 5 years' experience in Embedded Software / Firmware Development and Programming in C/C++/Assembler. Knowledge of VHDL is a plus
- Experience in developing detailed architecture for software systems
- Experience in working according to state-of-the-art standards and work processes for software development
- Highly proficient in spoken and written English

## GLOBAL PRODUCT MANAGER

Össur is looking for an ambitious individual to join our team as a Global Product Manager. The Global Product Manager has the overall responsibility for strategically managing an assigned product line with the aim of growing profitable market share. The Global Product Manager works closely with other departments across the globe to identify needs and new product opportunities in the prosthetic market segment.

### RESPONSIBILITIES:

- Strategically manage a product portfolio
- Identify and implement new business opportunities related to the assigned product line
- Develop product positioning and manage the product lifecycle
- Successfully launch new products to the market in collaboration with other departments
- Create and drive global marketing strategy in cooperation with global business units

### QUALIFICATIONS:

- Master's level education in engineering or business
- Minimum 5 years' experience in marketing and/or business development
- Ability to effectively manage global projects and teams across functions
- International experience
- Strong communication skills
- Highly proficient in spoken and written English

Application period until **September 7<sup>th</sup> 2015**.

Please apply on our website:

[ossur.com/careers/usa/](http://ossur.com/careers/usa/) under the appropriate position.

For further information contact Human Resources tel. 515 1300





# VERKEFNASTJÓRI Á SKÓLADEILD

Í Garðabæ eru starfandi 11 leikskólar, 7 grunnskólar og einn tónlistarskóli. Skólar í Garðabæ mynda samstarfsheild til að tryggja að menntu- og samhengi sé í nærtúnt barna og ungmenntu.

Laun er til umsóknar 100% staða verkefnastjóra á skóladeild fræðslu- og menningarsviðs

Verkfærastjóri á skóladeild hefur umsjón með starfi daggastru og leikskóladeilda og stýrir þeim verkefnum sem undir verkefnastjóra heyrir. Verkefnastjóri starfar að faglegri þróun og ráðgjöf og hefur þátt í stefnumótun skólanna með deildastjóra, sviðsstjóra, skólustjórnendum og skólamefndum.

#### Helstu verkefni:

- Hefur umsjón með daggastru, innritun barna í leikskóla og leikskólavæðun
- Sinnir eftirliti með starfi leikskóla og daggastru
- Sinnir ráðgjöf, stýrir þróunarstarfi, skipuleggur sí og endurmenntun.
- Hefur umsjón með sérverkefnum og þróunarverkefnum.
- Vinnur að gerð fjálgæðna í samráði við deildastjóra, sviðsstjóra, fjálgæðna og skólustjórnendur.

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði leikskólakennarafræða og eða uppeldis og menntunarfræða
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi aðildar
- Reynsla af starfi í leikskóla
- Góð tök á íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði, samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Ahætta er á fagleg vinnubrögð, skipulagshæfileika, samstarfsviða og samskiptahæfni. Viðkomandi þarf að vera drifandi leiðtogi í samstarfi við leikskólustjórnendur samhliða því að geta unnið ráðið með öðrum aðilum innan skólansamfélagsins í Garðabæ.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 2. september nk. Umsókjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Garðabæjar, [www.gardabær.is](http://www.gardabær.is).

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um starf umsækjanda og menntun, reynslu og verkefni sem hann hefur unnið að og geta varpað ljósi á færni hans til að sinna starfi verkefnastjóra á skóladeild

Nánari upplýsingar um starfið veitir Katrín Friðriksdóttir deildastjóri skóladeilda ([katrin@gardabær.is](mailto:katrin@gardabær.is)) eða Margrét Björk Svevaðsdóttir ([margretsv@gardabær.is](mailto:margretsv@gardabær.is)) eða í síma 5258500



Fræðslu- og menningarsvið



## ÞJÓNUSTULIÐI RÆSTING í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgangni í skólanum á dagvinnutíma. Múguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjálgæðnaáhræfinga.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofuunfjóra eða ræstingunfjóra.

Skólamestari

## SKÓLAÞJÓNUSTA RANGÁRVALLA- OG VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU, HVOLSVELLI, AUGLÝSIR LAUST STARF LEIKSKÓLARÁÐGJAFJA

Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu óskar eftir að ráða leikskólaráðgjafa í 50% starf.

**Starfssvið:** Ráðgjöf við starfsfólk leikskólanna fimm á starfssvæði skólaþjónustunnar um hagnýt og fagleg mál-efni er varða skipulag og daglegt starf. Sérkennsluráðgjöf og eftirfylgd vegna fatlaðra barna og annarra barna með sérþarfir. Ráðgjöf til foreldra leikskólabarna, námskeiðahald og fræðsla til starfsfólks og foreldra. Ráðgjöf og aðstoð við nýbreytni- og þróunarstarf.

Leikskólaráðgjafi vinnur í nánu samstarfi við aðra starfsmenn sérfræðiþjónustunnar, kennsluráðgjafa grunnskóla, sálfræðing og talmeinafræðing.

**Menntun- og hæfniskröfur:** Krafist er menntun í leikskólakennarafræðum, helst mastersprófs og/eða framhaldsnáms í sérkennslufræðum. Sjálfstæði, sveigjanleiki, skapandi og lausnamiðuð vinnubrögð og góð hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði. Reynsla af sambærilegu starfi og/eða framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og launanevndar sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til 15. september nk.** Umsóknir ásamt náms- og starfsferilsskrá berist á netfangið skolamal@skolamal.is, eða í pósti á Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, b.t. Eddu G. Antonsdóttur forstöðumans, Ormsvelli 1, 860 Hvolsvelli. Nánari upplýsingar veitir Edda í netfanginu edda@skolamal.is eða í síma 862-7522.



## Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur  
- kynnið ykkur þjónustuna á [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent



## Þjónustufulltrúi Kennarasambands Íslands

Kennarasamband Íslands óskar eftir að ráða fulltrúa í 75% starf við sjóði sambandsins. Um er að ræða tímabundna ráðningu til eins árs og er gert ráð fyrir að viðkomandi hefji störf sem fyrst.

#### Starfssvið:

Fulltrúinn mun vinna í samstarfi við aðra fulltrúa við orlofs-, sjúkra- og endurmenntunarsjóði KÍ. Í því felst m.a. upplýsingagjöf, skráning og afgreiðsla umsókna, undirbúningur funda og samstarf við stjórnir sjóðanna og önnur störf sem til falla á skrifstofu KÍ.

#### Hæfni:

Við leitum að ahugasömum og úrræðagoðum einstaklingi sem er lipur í mannlegum samskiptum, þjónustulundaður, talnagloggur, skipulagður í vinnubrögðum og hefur þekkingu á tölvuvinnslu. Undirstöðuþekking í bókhaldi er skilyrði. Umsækjendur skulu til jafnaðar hafa háskólamenntun, góða íslenskukunnáttu og almenna málakunnáttu. Þekking af sambærilegum störfum er æskileg.

Umsóknarfrestur er til og með 13. september nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent ráðningum.

capacent



## Bókari - Landhelgisgæsla Íslands

Landhelgisgæslan auglýsir laust til umsóknar starf bókara. Um fullt starf er að ræða og gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf fljótlega.

### Starfssvið:

- Skráning og bókun reikninga
- Afstemmingar
- Undirbúningur fyrir lokafærslur
- Frávikagreiningar
- Tölfræðileg úrvinnsla
- Önnur tilfallandi verkefni tengd bókhaldi og uppgjörum stofnunarinnar

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Haldgóð reynsla af bókhaldsstörfum
- Bókhaldspekking
- Reynsla af frávikagreiningu og tölfræðilegri úrvinnslu
- Góð þekking á einu eða fleiri bókhaldskerfum
- Góð Excel kunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Nákvæmni í vinnubrögðum, gagnrýnin hugsun og skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, lipurð og frumkvæði í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 14. september nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) og Þóra Pétursdóttir ([thora.petursdottir@capacent.is](mailto:thora.petursdottir@capacent.is)) hjá Capacent ráðningum.

capacent



## Spennandi störf í boði

OPTIMAR Ísland ehf. sem er framleiðslufyrirtæki á sviði kæli-, frysti- og vinnslubúnaðar leitar metnaðarfullra og drifandi einstaklinga til starfa.

### SÖLUSTJÓRI

#### Starfssvið:

- Söluvinna á innlendum og erlendum mörkuðum
- Samninga- og tilboðsgerð til nýrra og núverandi viðskiptavina
- Vinna við séraðlögun vörulausna að óskum viðskiptavina
- Samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavini
- Önnur sölu- og markaðstengd verkefni

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í iðn, tækni- eða verkfræði er skilyrði
- Haldgóð starfsreynsla af solumálum, tilboðs- og samningagerð
- Starfsreynsla og/eða þekking á sjávarútvegi er skilyrði
- Mikill tæknilegur skilningur og geta til að tileinka sér tæknilegar nýjungar
- Markaðspekking og þekking á erlendum mörkuðum
- Góð kunnátta í ensku og norðurlandamáli er skilyrði

Lykileiginleikar starfsmanna eru áhugasemi og frumkvæði í starfi, mikil hæfni í mannlegum samskiptum, þjónustu og sölugeta sem og hæfileikinn til að sjá ný tækifæri. Starf sölustjóra getur kallað á töluverð ferðalög erlendis.

OPTIMAR Ísland ehf. hefur um margra ára skeið selt og þjónustað kæli- og frystikerfi í frystiskipum og frystihúsum á Íslandi. Fyrirtækið er jafnframt framleiðandi á OPTIM-ICE ísþykkivélum og tilheyrandi búnaði, sem er seldur til fjölmargra landa. Fyrirtækið var til margra ára hluti af OPTIMAR Group í Noregi.

OPTIMAR Ísland ehf. er í eigu sama aðila og á KAPP ehf. KAPP ehf. er viðgerðar, sölu & þjónustufyrirtæki sem sinnir einstaklingum, fyrirtækjum og lögaðilum.

Hjá fyrirtækinu starfa vélfræðingar, plötusmiðir, rennismiðir og vélvirkjar. KAPP er sölu og þjónustuaðili Carrier, Schmitz cargobull, Autoclima o.fl. á Íslandi.

Umsóknarfrestur er til og með 6. september nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Íris Dögg Björnsdóttir ([iris.bjornsdottir@capacent.is](mailto:iris.bjornsdottir@capacent.is)) hjá Capacent ráðningum.

capacent



## Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent





**Reykjavíkurborg**  
Skrifstofa þjónustu og reksturs

## Verkefnastjóri hjá upplýsingatæknideild

### Viltu taka þátt í að móta og nútímavæða eitt stærsta upplýsingatækniumhverfi landsins?

Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar rekur eitt stærsta tölvunet landsins með hartnær 10.000 útstöðvum fyrir um 25.000 notendur. Framundan eru fjölmörg spennandi verkefni sem felast m.a. í innleiðingu margvíslegra skjálausna og að nýta nýjar lausnir á sviði upplýsingatækni til þess að nútímavæða tæknilega innviði, bæta umsjón með ört vaxandi fjölda snjalltækja og margt fleira.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg stýring verkefna á sviði upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg
- Vinna við þróun verkefnastjórnunarferlis upplýsingatæknideilda
- Ýmis áætlana- og skýrslugerð

#### Hæfniskröfur

- Menntun á sviði verkefnastjórnunar, tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun verkefna á sviði upplýsingatækni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku

#### Skipulag í vinnubrögðum

- Drifkraftur, frumkvæði og metnaður til að ná árangri og þróast í starfi

#### Laun

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags

#### Umsóknarfrestur er til og með 9. september 2015.

Umsækjendur eru hvattir til að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Nánari upplýsingar veitir Jón Ingi Þorvaldsson, deildarstjóri í síma 4111910, netfang: [jon.ingi.thorvaldsson@reykjavik.is](mailto:jon.ingi.thorvaldsson@reykjavik.is).

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



**Reykjavíkurborg**  
Skrifstofa þjónustu og reksturs

## Kerfisfræðingur í þjónustu hjá Upplýsingatæknideild

Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar leitast að styrkja öflugna liðsheild upplýsingatæknideilda. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem reynir á fagþekkingu, skipulagshæfni og samvinnu.

Reykjavíkurborg rekur eitt víðamesta tölvukerfi landsins og leitast við að vera í fremstu röð við innleiðingu nýrra lausna.

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa í þjónustuteymi, bæði við vettvangsþjónustu og á þjónustuborði upplýsingatæknideilda.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð og krefst vinnan skipulagshæfni og nákvæmni.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn tölvuþjónusta við starfsmenn Reykjavíkurborgar bæði í gegnum síma og á vettvangi.
- Uppsetning á tölvum, símum og öðrum jaðartækjum
- Viðhald og rekstur notendabúnaðar

#### Hæfniskröfur

- Menntun í kerfisfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla í bilanagreiningu og viðgerðum
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund

#### Laun

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

#### Umsóknarfrestur er til og með 9. september 2015.

Umsækjendur eru hvattir til að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Nánari upplýsingar veitir Dagný Einarsdóttir, teymisstjóri í síma 4111941, netfang: [dagny.einarsdottir@reykjavik.is](mailto:dagny.einarsdottir@reykjavik.is).

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

## Verkefnastjóri tómstundamiðstöðvar

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða verkefnastjóra til að stýra tómstundamiðstöð í Lækjarskóla. Verkefnastjóri tómstundamiðstöðvar stýrir starfsemi frístundaheimilis fyrir 6-9 ára börn og félagsmiðstöð fyrir 10-16 ára börn. Næsti yfirmaður er skjólastjóri Lækjarskóla.

Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk.

Sjá nánar á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).

## Auglýsing um starf á skrifstofu

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auglýsir starf deildarstjóra á alþjóðasviði stofnunarinnar laust til umsóknar. Um er að ræða 50% starf ótímabundið. Ráðið verður frá 15. september nk.

Alþjóðasvið stofnunarinnar vinnur að því að efla rannsóknir og kynningu á íslenskrum menningu og auka tengsl íslenskra og erlendra fræðimanna. Deildarstjóranum er ætlað að vinna að verkefnum sviðsins á hverjum tíma.

Umsækjendur skulu hafa háskólapróf á fræðasviðum stofnunarinnar og reynslu af alþjóðlegu samstarfi. Staðgöð þekking á tölvunotkun, m.a. heimasíðugerð er áskilin, og kunnátta í ensku og einu skandinavísku máli.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni vottorð um námsferil sinn og störf, svo og nöfn, símanúmer og netföng tveggja umsagnaraðila.

Umsóknir skulu berast til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Árnagarði við Suðurgötu, 101 Reykjavík, eigi síðar en mánudaginn 7. september 2015 eða á rafrænu formi á netfangið [kari@hi.is](mailto:kari@hi.is). Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Laun skv. kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. Við ráðningar í störf hjá Árnastofnun er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Frekari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu- unni: [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is)

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Kaaber, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs (s. 525 4010, [kari@hi.is](mailto:kari@hi.is)).



## Metnaðarfullur matreiðslumaður óskast

Veitingastaðurinn Aurora á Icelandair hótel Akureyri óskar eftir matreiðslumanni.

Í boði er vinna á spennandi veitingastað með samheldnum hópi starfsfólks.

Við leitum að hugmyndaþekkingu og sjálfstæðum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á faginu.

#### Hæfniskröfur:

- Þarf að hafa lokið sveinsprófi í matreiðslu
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og verkstjórn

Sigrún Björk Jakobsdóttir veitir nánari upplýsingar og tekur á móti umsóknum, [sigrunbjork@icehotels.is](mailto:sigrunbjork@icehotels.is). Umsóknarfrestur er til 6. september. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.



Aurora er fyrsta flokks veitingastaður og bar á Icelandair hótel Akureyri sem býður upp á fjölbreyttar veitingar frá morgni til kvölds.

**Icelandair Hotels**  
[www.iceairhotels.com](http://www.iceairhotels.com)





## Magnaðir smiðir óskast í okkar frábæra starfshóp!

- Allir smiðir í uppmælingu
- Frábær starfsandi og starfsmannafélag
- Fyrsta flokks starfsmannaaðstaða
- Mjög góð verkefnastaða næstu árin

## Hafðu samband við okkur!

Framundan eru spennandi tímar og aukin umsvif hjá fyrirtækinu.

PG Verk er eitt stærsta byggingarfyrirtæki landsins með um 600 nýjar íbúðir í byggingu á höfuðborgarsvæðinu.

PG Verk er líka umsvifamikið á útboðsmarkaði.

Leggðu frá þér hamarinn og sendu inn umsókn á [www.tgverk.is](http://www.tgverk.is) - Fyrirtækið - Starfsumsókn

PG Verk - Lágmúla 7, 108 Reykjavík - S: 534 8400



## FORSTÖÐUMAÐUR ÁHAFNADEILDAR

